



SKÝRSLA STJÓRNAR



FYRIR TÍMABILID

18. MARS 2022 – 21. MARS 2025

LÖGD FRAM Á 49. SAMBANDSPINGI SSF



SKÝRSLA STJÓRNAR SSF

fyrir tímabilið

19. mars 2022 - 21. mars 2025

Lögð fram á 49. sambandsþingi SSF

SSF mars 2025

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
1. 48. Þing SSF	5
Áheyrnarfulltrúar og gestir	5
Stjórn og starfsmenn	5
Þingsetning	5
Ályktanir	5
Stjórnarkjör	5
Styrktarsjóður	6
Menntunarsjóður	6
Vinnudeilu- og Grunnsjóður	6
Útgáfu- og fræðslunefnd	6
Jafnréttisnefnd	6
Uni-youth	6
Stjórn nfu	6
miðstjórn nfu	6
2. Stjórnarfundir og formannafundir	7
3. Skrifstofa SSF	7
4. Ýmsar nefndir	8
5. Félagsmannatal	8
6. Aldursdreifing félagsmanna 2012-2024	9
7. Kjaramál	9
8. Breytingar á fjármálamarkaði	13
9. Atvinnumál	14
10. Lífeyrismál	14
11. Styrktarsjóður SSF	16
12. Menntunarsjóður SSF	16
13. Kannanir meðal félagsmanna	17
Útgáfustarfsemi SSF	17
SSF - Blaðið	18
NÝ HEIMASÍÐA SSF (www.ssf.is) OG SAMFÉLAGSMIÐLAR	18
Saga SSF	19
Trúnaðarmannahandbók SSF	19
14. Fræðslumál	19
Fræðslustarf SSF	19
Trúnaðarmannafræðslan	19
Kosning trúnaðarmanna	20
15. Ungt fólk innan SSF	20
16. Jafnræðismál	21
Erlent samstarf	21
INNLENT samstarf	22
17. Samstarf við erlend fagsamtök	23
Viðaukar	25



Þingfulltrúar ásamt starfsmönnum SSF

FORMÁLI

Kjarasamningur SSF og SA ber enn þess keim að fyrr á árum var samið við sérstaka samninganefnd bankanna sem fram á síðasta áratug síðustu aldar var fyrst og fremst skipuð fulltrúum banka í eigu ríkisins. M.a. þess vegna eru ýmis réttindi í kjarasamningi SSF betri og ganga lengra en almennt gerist í kjarasamningum á almenna markaðnum. Við sem stöndum í forsvari fyrir SSF finnum fyrir töluverðum þrýstingi af hálfu atvinnurekenda í þá átt að draga úr þessum réttindum. Við megum því búast við töluverðri varnarbaráttu á næstu árum. Forsvarsmenn sumra fyrirtækja eru þó farnir að gera sér grein fyrir því að baráttan um vinnuaflið á eftir að harðna á næstu árum og áratugum. Til þess að ná í besta og hæfasta starfsfólkið þarf að geta boðið bestu kjör og kjarasamningur SSF er einmitt til þess fallinn að uppfylla þá kröfu. Á síðustu árum höfum við séð mun meiri hreyfanleika meðal starfsfólks á fjármálamarkaði en áður var. Fyrir nokkrum árum var það tiltölulega sjaldgæft að fólk færði sig úr fjármálageiranum í aðrar greinar. Nú er hreyfanleikinn orðinn meiri og fjármálakerfið ekki endilega í fyrsta sæti.

Til hvers erum við saman í stéttarfélagi, er ekki hver og einn starfsmaður fullfær um að semja um öll sín starfskjör sjálfur? Þessi spurning kemur reglulega upp og á fullan rétt á sér og við kjörnir fulltrúar stéttarfélagsins verðum alltaf að vera tilbúin til að svara, sérstaklega unga fólkinu okkar sem er að koma út á vinnumarkaðinn í fullt starf. Í rauninni er samasem merki á milli stéttarfélags og tryggingafélags. Í gegnum stéttarfélagið tryggjum við flest öll þau kjör og réttindi sem gilda á samningssviði viðkomandi stéttarfélags. Þar falla undir ákvæði um lágmarkskjör, umsamdar launahækkningar, vinnuáðstöðu, sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, menntunarsjóði, lögfræðiaðstoð, mötuneyti og margt margt fleira.

Öll réttindi íslenskra launamanna hafa orðið til vegna sameinaðrar baráttu stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra. Ekkert þessara réttinda þóttu sjálfsgöð eða voru sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu forvera okkar á 19. og 20. öld. Það er stöðug baráttu að verja þessi réttindi, því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður



Ari Skúlason, varaformaður SSF, flutti setningaráæðu í fjarveru Friðberts Traustasonar formanns SSF.

eru í gangi. Starfsmenn verða að gæta þess vandlega að semja ekki af sér ýmis réttindi og einblína einungis á útgreidd laun augnabliksins. Það veit enginn sína ævi fyrr en öll er og því er öllum nauðsynlegt að eiga sterkan sameiginlegan bakhjarl, sem er fólgin í öfluglu stéttarfélagi eins og SSF, og öllum þeim réttindum sem aðildinni fylgir. Kjarasamningar eru lágmarkskjör og þeir verða að gilda um alla án nokkurra undantekninga.

Tímabilið 2022-2025 var sérstakt að því leyti að SSF gerði tvo kjarasamninga, í janúar 2023 og í maí 2024. Báðir þessir samningar voru gerðir við mjög þvingaðar aðstæður þar sem Samtök atvinnulífsins og nokkur félög og sambönd innan ASÍ deildu og drottнуðu og tóku í raun samningsréttinn af öðrum stéttarfélögum.

Vegna mikillar áherslu á hækkun lægstu launa, og að sama skapi að hærri laun hækki minna en önnur laun, hafa fjármálafyrirtækin hér á landi orðið fyrir hlutfallslega minni kostnaðaraukningu vegna kjarasamninga en flest önnur fyrirtæki, sem á sinn þátt í góðri afkomu þeirra á síðustu árum. Stærstur hluti þessarar góðu afkomu hefur runnið til fjárfesta og eigenda fjármálafyrirtækjanna, sem er að stærstum hluta ríkissjóður í tilviki viðskiptabankanna.

Í lok kjörtímabilsins 2022-2025 vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélögum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf.

Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð.

Ari Skúlason, formaður SSF.



Rósa Jennadóttir og Ragnar Sigurðsson vinna að undirbúningi þings



Ályktanir bornar undir atkvæði



Ný stjórn SSF. Efri f.v. Kristín Ósk Sigurjónsdóttir, Hörður Jens Guðmundsson, Jóhann T. Arnarson, Karlotta Ósk Óskarsdóttir, fremri f.v. Bára Björk Ingibergsdóttir, Oddur Sigurðsson, 1. varaform., Ari Skúlason, formaður og Guðný S. Magnúsdóttir, 2. varaform. Á myndina vantar Jóhönnu M. Jónsdóttur



Þingforsetarnir Sigurjón Gunnarsson og Helga Jónsdóttir



F.v. Carin Hallerström, framkvæmdastjóri NFU, Anna Karen Hauksdóttir, fyrrverandi varaform. SSF og Christina J. Colclough, eigandi The Why Not Lab

1. 48. ÞING SSF

48. þing SSF var haldið á Hótel Selfossi 17.-18 mars 2022. Á þinginu áttu sæti 61 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum, auk stjórnar og starfsmanna SSF, gesta og áheyrnarfulltrúa.

Skipting þingfulltrúa var sem hér segir:

FSLÍ, Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi	16
SÍ, Starfsmannafélag Íslandsbanka	13 (áttu rétt á 14)
SRB, Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna	3 (áttu rétt á 4)
Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins	1
Starfsmannafélag Byggðastofnunar	1
Starfsmannafélag Kviku	1 (áttu rétt á 2)
Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands	5
Trúnaðarmannaráð Arion banka	14
Trúnaðarmannaráð SaltPay	3
VÍST, Starfsmannafélag Valitor	4

Að auki átti starfsmannafélag Sparisjóðs Suður-Pingeyinga 1 fulltrúa, sem sá sér ekki fært að mæta.

ÁHEYRNARFULLTRÚAR OG GESTIR

Anna Karen Hauksdóttir, fyrrum fyrsti varaformaður SSF
Carin Hallerström, framkvæmdastjóri NFU
Christina J. Colclough, fyrirlesari, eigandi The Why Not Lab
Helga Eyjólfsdóttir, Starfsmannafélag Byggðastofnunar
Sigríður Friðgeirsdóttir, gestur
Sveinn Sveinsson, gestur

STJÓRN OG STARFSMENN

Bára Björk Ingibergsdóttir, stjórn SSF
Hörður Jens Guðmundsson, stjórn SSF
Margrét Bragadóttir, starfsmaður SSF
Ragnar Sigurðsson, ritstjóri SSF
Rósa Jennadóttir, starfsmaður SSF

ÞINGSETNING

Þingið var sett í seinna lagi vegna veðurs, eða um 13.00. Ari Skúlason, varaformaður SSF, setti þingið þar sem Friðbert Traustason, formaður SSF, átti ekki heimangengt vegna Covid-veikinda. Ari bauð þingfulltrúa velkomna til starfa á 48. þing SSF.

Helga Jónsdóttir, FSLÍ, var kjörin þingforseti og Sigurjón Gunnarsson FSLÍ varáþingforseti. Þingritarar voru kjörnir Margrét B. Marteinsdóttir, FSLÍ og Gísli Logi Logason, SÍ. Til vara voru kosin Herdís Birna Kristjánsdóttir, TMR Arion banka og Guðmundur Óli Blöndal, Sf. Seðlabankans.

ÁLYKTANIR

Fjöldi ályktana voru samþykktar á þinginu. Ályktanir í heild má lesa í fundargerð þingsins á heimasíðu SSF.

STJÓRNARKJÖR

Á þinginu voru eftirtaldir kjörnir í stjórn og til annarra trúnaðarstarfa:

Formaður SSF var kjörinn Ari Skúlason, FSLÍ, Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi



Guðlaugur Gunnarsson, FSLÍ var trúnaðarmaður um áratugaskeið, en hann hætti fyrir aldurs sakir 2024



Halla og Margrét í kjörstjórn stýra kosningu til stjórnar SSF



Heimatilbúinn kjörkassi



Þau eru mörg handtökin fyrir fundi!

Fyrsti varaformaður SSF var kjörinn Oddur Sigurðsson, SÍ, Starfsmannafélagi Íslandsbanka og annar varaformaður var kjörin Guðný S. Magnúsdóttir, FSLÍ, Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi

Sex meðstjórnendur voru kjörnir á þinginu:

Bára Björk Ingibergsdóttir, SSÍ, Starfsmannafélagi Seðlabankans
Hörður Jens Guðmundsson, VÍST, Starfsmannafélagi Valitor (nú REST Rapyd Europe starfsmannafélag)

Jóhann Arnarson, Trúnaðarmannaráði Arion banka

Jóhanna María Jónsdóttir, FSLÍ, Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi

Karlotta Ósk Óskarsdóttir, TRM Arion banka

Kristín Ósk Sigurjónsdóttir, SÍ, Starfsmannafélagi Íslandsbanka

Þess skal getið að karlarnir í meðstjórn voru sjálfkjörnir vegna ákvæða í samþykktum SSF um kynjakvóta.

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar að loknu þingi 2022 skipti hún með sér verkum í eftirfarandi stjórnnum og nefndum:

STYRKTARSJÓÐUR

Jóhann Arnarson
Kristín Ósk Sigurjónsdóttir
Oddur Sigurðsson
Rósa Jennadóttir og Friðbert Traustason eru starfsmenn sjóðsins

MENNTUNARSJÓÐUR

Bára Björk Ingibergsdóttir
Hörður Jens Guðmundsson
Jóhanna M. Jónsdóttir
Margrét Bragadóttir og Rósa Jennadóttir eru starfsmenn sjóðsins

VINNUDEILU- OG GRUNNSJÓÐUR

Ari Skúlason
Hörður Jens Guðmundsson
Kristín Ósk Sigurjónsdóttir

ÚTGÁFU- OG FRÆDSLUNEFND

Bára Björk Ingibergsdóttir
Guðný S. Magnúsdóttir
Jóhann Arnarson
Jóhanna M. Jónsdóttir
Karlotta Ósk Óskarsdóttir
Friðbert Traustason og Margrét Bragadóttir eru starfsmenn nefndarinnar

JAFNRÉTTISNEFND

Bára Björk Ingibergsdóttir
Hörður Jens Guðmundsson
Jóhann Arnarson
Jóhanna M. Jónsdóttir
Karlotta Ósk Óskarsdóttir

UNI-YOUTH

Jóhanna M. Jónsdóttir
Kristín Ósk Sigurjónsdóttir, varamaður

STJÓRN NFU

Ari Skúlason
Guðný S. Magnúsdóttir, varamaður

MÍÐSTJÓRN NFU

Ari Skúlason
Guðný S. Magnúsdóttir
Oddur Sigurðsson, varamaður



Margrét Bragadóttir og Friðbert Traustason



Friðbert Traustason fyrrv. form. deilir úr vísukubrunni sínum



Jóhanna M. Jónsdóttir er formaður stjórnar Uni Youth og UNI Europa Youth

2. STJÓRNARFUNDIR OG FORMANNAFUNDIR

Að loknu 48. þingi SSF árið 2022 skipti stjórn SSF með sér verkum. Jóhann Arnarson var skipaður gjaldkeri og Bára Björk Ingibergsdóttir ritari.

Skv. samþykktum skal kalla saman stjórnarfundir svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Stjórnin fundaði u.þ.b. einu sinni í mánuði á tímabilinu, 30 sinnum alls, auk þess sem hún hélt einnig nokkra fundi fyrir utan reglubundna fundi m.a. vegna kjarasamninga og breytinga á skrifstofu SSF.

Á tímabilinu gekk Kristín Ósk Sigurjónsdóttir úr stjórn þar sem hún hætti störfum á sínum vinnustað og fór til starfa utan samningssvæðis SSF.

Skv. samþykktum SSF skal halda formannafundi eigi sjaldnar en árlega á milli þinga samtakanna. Á kjörtímabilinu voru haldnir fjórir formannafundir, 10. nóvember 2022, 23. janúar og 25. apríl 2023 og 7. maí 2024. Sumir þessara funda voru haldnir í tengslum við kjarasamninga.

Á milli þinga eru formannafundir æðsta vald samtakanna varðandi undirbúning og gerð kjarasamninga SSF. Á formannafundum er einnig fjallað um öll helstu málefni líðandi stundar er varða kaup og almenn kjör félagsmanna SSF. Sú hefð hefur orðið til innan samtakanna að bjóða trúnaðarmönnum, sérstaklega þeim reyndari, að sitja formannafundi.

3. SKRIFSTOFA SSF

Skrifstofa SSF er til húsa að Nethyl 2E í Reykjavík. Fastir starfsmenn voru Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri, sem hætti störfum í október 2024, Ari Skúlason, formaður og framkvæmdastjóri SSF, Rósa Jennadóttir, fjármálastjóri og umsjónarmaður Styrktarsjóðs, Margrét Bragadóttir, bókarí, umsjónarmaður Menntunarsjóðs og trúnaðarmannafræðslu. Nýr starfsmaður, Ester Ósk Traustadóttir, var ráðin á skrifstofu SSF en hún hóf störf í janúar 2025. Einnig hefur verið gengið frá ráðningu Viktoríu Valdísar Guðbjörnsdóttur, en þær tvær munu taka við störfum Rósu Jennadóttur og Margrétar Bragadóttur sem báðar hætta störfum á vormánuðum 2025.



Pálmi Rögnvaldsson, FSLÍ



Frá Formanna- og trúnaðarmannafundi nóvember 2023



Frá formannafundir nóvember 2022

4. ÝMSAR NEFNDIR

Í kjaranefnd SSF sitja fyrir hönd SSF formenn, þeir Ari Skúlason, Oddur Sigurðsson og Guðný S. Magnúsdóttir. Fjármálafyrirtækin skipa þrjá fulltrúa í þá nefnd.

Í aðdraganda kjarasamningsins sem gerður var í maí 2024 skipaði stjórn SSF starfshóp trúnaðarmanna til þess að vinna að tillögum um skipulag og útfærslu verkfallsaðgerða ef til slíks kæmi í samningalotunni. Hópurinn skilaði tillögum um margskonar aðgerðir til stjórnar. Tillögurnar voru ekki notaðar í kjarabaráttunni að þessu sinni en eru vel geymdar.

5. FÉLAGSMANNATAL

Skipting félagsmanna eftir fyrirtækjum (2004 - 2024)

Fyrirtæki	2004	2007	2010	2013	2016	2017	2018	2021	2024
Landsbankinn og tengd félög	1087	1511	1199	1412	1194	1094	1041	917	920
Íslandsbanki og tengd félög	856	1218	1012	1129	1026	971	943	809	861
Arion banki og tengdir (Stefnir og Vörður)	736	1076	981	984	982	942	901	798	917
Rapyd (fyrir Valitor)	94	106	133	139	192	214	229	162	157
Seðlabankinn og tengd félög (FME frá 2021)	109	112	142	167	189	180	175	233	270
Reiknistofa bankanna (JCC frá des 2021)	125	110	122	179	184	181	174	176	162
Saltpay (fyrir Borgun)					130	148	146	100	48
Kvika banki og Kvika eignastýring			49	87	49	44	33	79	127
Sparisjóðir og tengd félög *	762	1004	606	126	30	30	30	29	29
Byggðastofnun	23	19	19	20	22	22	24	22	24
Almennir lífeyrissjóðurinn (frá 2011)				19	21	23	21	22	24
Greiðsluveitan (frá 2015)					14	11	11	10	3
Skilanefndir gömlu bankanna (frá 2009)			133	112	53	31	18		
Í fæðingarorlofi***								10	
Eistaklingsaðild **	101	144	135	167	99	121	147	132	182
Félagsmenn alls	3893	5300	4531	4541	4185	4012	3893	3499	3724

* Árið 2024 voru 4 Sparisjóðir starfandi.

Það eru Sparisjóður S-Þingeyinga sem er aðildarfélag að SSF, Spsj. Strandamanna, Spsj. Austurlands og Spsj. Höfðhverfinga.


** Alls áttu 182 einstaklingar hjá 53 fyrirtækjum einstaklingsaðild að SSF á árinu 2024.

*** Eru eingöngu að fá greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði.



Stefanía Dögg Hauksdóttir,
Trmr. Arion, í forgrunni.

6. ALDURSDREIFING FÉLAGSMANNA 2012-2024



7. KJARAMÁL

Segja má að núverandi kjarasamningsumhverfi á almennum vinnumarkaði hafi byrjað á vordögum 2019 þegar samningar voru gerðir í afar einkennilegu andrúmslofti. Stéttarfélög innan ASÍ, sem höfðu haft uppi mjög ákveðnar kröfur um verulegar kjarabætur fyrir alla félagsmenn, skiptu allt í einu um kúrs þegar WOW hrundi og þrengdi að hjá ferðaþjónustunni. Önnur félög og samtök fylgdu með í kjölfarið og þar með hófst skrítið samningsumhverfi þar sem nokkrir hópar innan ASÍ hafa stýrt kjarasamningum fyrir allan vinnumarkaðinn í þétu samstarfi við Samtök atvinnulífsins.

Á tímabilinu frá 48. þingi SSF í mars 2022 hafa verið tvennir kjarasamningar í gildi á samningssviði SSF. Fyrsti samningur frá 23. janúar 2023 og svo frá 6. maí 2024. Þessir samningar voru báðir gerðir í mjög þvinguðu umhverfi þar sem hópar innan ASÍ lögðu línu þar sem megináherslan var lögð á hækkun lægstu launa. Það hefur verið nær ómögulegt fyrir aðra hópa að semja út fyrir þessa línu.

Kjarasamningur 2023

Í upphafi ársins 2023 lá fyrir að einungis yrði samið til eins árs vegna óvissu í hagkerfinu. Lína ASÍ hópanna var að laun skyldu hækka um 6,75%, þó að hámarki um kr. 66.000. Fyrsti formlegi samningafundurinn í lotunni var þann 4. janúar 2023, en alls voru haldnir 9 slíkir fundir hjá Sáttasemjara. SSF og SA undirrituðu kjarasamning þann 23. janúar 2023, en samningurinn var afturvirkur frá 1. nóvember 2022 og gildi til loka janúar 2024. Lágmarkstaxtar í samningi SSF hækkuðu um meira en 6,75%, en hámarkshækkunin upp á kr. 66.000 bitnaði verulega á hærri launaða hópnum innan SSF. Talið var að um helmingur félagsmanna SSF hefði ekki náð að fá fulla 6,75% launahækkun út úr samningnum.

Af hálfu SSF var bryddað upp á þeirri nýbreytni að halda kynningarfundir um samningana á Teams. Haldnir voru 3 kynningarfundir sem um 1.200 manns sóttu, eða um þriðjungur félagsmanna. Þessi nýbreytni tókst því mjög vel. Samningurinn var samþykktur naumlega í rafrænni atkvæðagreiðslu með 53,5% atkvæða þar sem þátttakan var 82,2%.



Ari Skúlason á formannafundi SSF



Oddur Sigurðsson, 1. varaform. SSF

Óánægja og uppsögn samkomulags

Eftir atkvæðagreiðsluna um kjarasamninginn var ljóst að umtalsverð óánægja var meðal félagsmanna um stöðu mála. Stjórn SSF fór fljótlega að velta fyrir sér þeim möguleika að segja upp samkomulagi um kjarasamninga bankamanna sem gert var við bankana 2004 en það ár var gert nýtt samkomulag um kjarasamninga starfsmanna bankanna (og sparisjóða) sem byggði á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Í þessu samkomulagi frá 2004 voru hömlur settar á rétt stéttarfélagsins SÍB (síðar SSF) varðandi vinnudeilur sem eru langt umfram það sem almennt gildi á íslenskum vinnumarkaði. Þetta samkomulag hefur oft verið kallað heiðursmannasamkomulagið.

Eftir að SA tók við lykilhlutverki í samningum við SSF eftir hrun hefur engu verið breytt um formleg samskipti aðila. SSF taldi að þetta samkomulag væri orðið barn síns tíma og að það skyti skökku við að samskipti samtakanna við gagnaðila heyri ekki beint undir vinnulöggjöfina eins og gildir um önnur samskonar samskipti á almennum vinnumarkaði. SSF sagði því samkomulaginu upp um mitt ár 2023 þannig að það rann út um áramótin 2023-24. Sú ákvörðun var tekin af stjórn SSF eftir ítarlegar umræður innan stjórnar sem og á formannafundum í aðdraganda samningaviðræðna.

Auðvitað er það ekki meginmarkmið SSF að efna til vinnudeilna, en stjórn SSF taldi að nýjar aðstæður eftir uppsögn gæfu samtökunum mun meiri möguleika og sveigjanleika varðandi verkföll en verið hafði fram að því.

Viðræður og kjarasamningur 2024

Viðræður við gagnaðila hófust þann 3. janúar 2024 og voru alls haldnir 11 fundir í deilunni. Strax á þeim tímapunkti lá fyrir mikill þrýstingur frá hópum innan ASÍ að haldið yrði áfram á sömu leið og frá 2019, þ.e. að byggja fyrst og fremst á krónutöluhækkunum og mikilli áherslu á að lægstu laun hækkuðu meira.

Strax í upphafi viðræðna varð til óformlegur hópur nokkurra félaga og sambanda sem var sammála um að láta ekki neyða sig einu sinni enn til þess að gera hreina krónutölusamninga. SSF tók virkan þátt í starfi þessa hóps. Þetta samstarf varð til þess að hrein prósentuhækkun komst aftur á dagskrá þannig að ekki hallaði lengur á hópa með hærri og millitekjur.

Segja má að þetta hafi verið stærsti áfanginn í kjarabaráttunni í þetta skiptið. Nær öllum kröfum SSF var hafnað með tilvísun til þess að þær rúmuðust ekki innan þess ramma sem hafði verið ákveðinn af öðrum.

Eftir að stjórn SSF sagði upp samkomulagi um kjarasamninga bankamanna var skipaður hópur til þess að kortleggja möguleika á vinnustöðvunum og koma með tillögur í þeim efnum. Hópurinn starfaði seinni hluta ársins 2023 og skilaði athyglisverðum niðurstöðum sem hægt er að vinna úr ef tilefni gefst til á næstu árum.

Meginkrafa samninganefndar SSF fólst í að ná fram meiri vinnutímastyttingu en náðist í samningunum 2019 og var þar vísað til þess að samið hafði verið um mun styttri vinnutíma á opinbera markaðnum. Í öllum umræðum, vinnustaðaheimsóknunum og spjalli í aðdraganda kjarasamninga var algerlega ljóst að stytting vinnutíma var efst á óskalista félagsmanna.

Svar gagnaðila við þessari kröfu var alger neitun og var þá vísað til þess að aðrir hópar á vinnumarkaði hafi ekki lagt áherslu á þessa kröfu. Á tímabili leit út fyrir að samkomulag væri að nást við bankana um fullt frí á gamlársdag en SA tókst að koma í veg fyrir það. Síðan hefur Starfsmannafélag



Frá Formanna- og trúnaðarmannafundi apríl 2023



Starfsmenn á skrifstofu SSF, Margrét Bragadóttir, Friðbert Traustason, fyrrv. formaður og framkv.stj. , Ari Skúlason, núv. formaður og framkv. stj. og Rósa Jennadóttir, fjármálastj.

Íslandsbanka gert formlegt samkomulag við bankann um frí á gamlársdag, þannig að það mál er á hreyfingu.

Örlítill árangur náðist í sambandi við lengd orlofs að stytta ávinnslutíma réttinda í því sambandi. Þá tókst að hækka skerðingarviðmiðun líftrygginga úr 50 ára aldri upp í 60 ára og þá hækkaði framlag atvinnurekenda í Menntunarsjóð SSF úr 0,21% af heildarlaunum upp í 0,3%.


Laun hækkuðu um 3,25% eða að lágmarki kr. 23.750 frá 1. febrúar 2024 og er samningurinn til fjögurra ára og rennur út 1. febrúar 2028 verði honum ekki sagt upp fyrr. Laun munu hækka um kr. 23.750 eða 3,5% þann 1. janúar árin 2025, 2026 og 2027.

Kjarasamningurinn byggði á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sem gerðir voru um þetta leyti. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um verðlagsforsendur og önnur forsenduákvæði framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning SSF og SA.

Samningurinn var kynntur á nokkrum fundum á Teams eins og var árið áður. Ljóst var að deildar meiningar yrðu um samninginn meðal félagsmanna. Stjórn og samninganefnd SSF hafði rætt möguleikann á verkfalli ítarlega og var niðurstaðan að slík leið væri ekki skynsamleg.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var mjög skýtin. Samninguinn var felldur en taldist samt samþykktur. Alls tóku 76,1% félagsmanna þátt í atkvæðagreiðslunni sem er mjög góð þátttaka. 47,5% sögðu já og 48,6% nei. Fleiri voru því á móti samningnum en með honum. Óvenju hátt hlutfall félagsmanna tók ekki afstöðu eða 3,9%. Samkvæmt reglunum telst samningurinn samþykktur þar sem meirihluta greiddra atkvæða þarf til þess að fella kjarasamning. Það er kannski ekki alveg rétt að hjáseta eða afstöðuleysi sé talin með jáum, krafa löggjafans hljóðar þannig að meira en helmingur þeirra sem kjósa séu á móti til að fella samning, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Núna voru það 3,9% þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni sem tóku ekki afstöðu. Ef litið er á atkvæðagreiðslur okkar á síðustu árum er þetta hæsta tala óákveðinna, en þó ekki úr korti. 2023 voru t.d. 3,2% óákveðnir,




3% 2019 og 3,5% 2014. Þetta hlutfall þeirra sem ekki taka afstöðu hefur ekki truflað niðurstöðu hjá okkur til þessa, en þegar mjótt er á munum skiptir þessi hópur verulegu máli.


Þróun launa og kaupmáttar á tímabilinu

Eins og komið hefur fram í umfjölluninni hér að framan hefur mikil áhersla á hækkun lægstu launa verið einkennandi fyrir kjarasamningsgerð á tímabilinu frá 2019. Fall WOW-air á sínum tíma og Covid faraldurinn höfðu auðvitað mikil og sérstök áhrif á vinnumarkaðinn á þessu tímabili, en segja má að meginþætti hafi verið að einstakir hópar innan ASÍ tóku vinnumarkaðinn í gíslingu.

Meðallaun á fjármálamarkaði hækkuðu um rúm 40% á tímabilinu frá janúar 2019 til nóvember 2024. Á sama tíma hækkaði launavísitalan, sem sýnir þróun meðallauna í landinu, um 52,1%. Launahækkarnir á fjármálamarkaði hafa þannig verið talsvert fyrir neðan meðaltalið á vinnumarkaði. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að stórir hópar opinberra starfsmanna höfðu ekki lokið samningum í nóvember 2024.



Sé horft til kaupmáttarþróunar er staðan ekki góð. Á þessum tæpu 5 árum hefur kaupmáttur starfsfólks á fjármálamarkaði einungis aukist um 2,2% á meðan hann hefur aukist um 10,7% að meðaltali í landinu.



Guðný S. Magnúsdóttir, 2. varaform. SSF



8. BREYTINGAR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Tímabilið frá síðasta þingi í mars 2022 hefur verið nokkuð viðburðaríkt á fjármálamarkaði. Viðtæk ríkiseign á fjármálafyrirtækjum einkenndi fjármálamarkaðinn eftir hrun og var einsdæmi í hinum vestræna heimi. Á tímabili átti ríkissjóður hlut í öllum stóru bönkunum og þar af Íslandsbanka og Landsbankann nær alla. Nokkur ár eru síðan Ríkissjóður seldi hlut sinn í Arion banka sem nú er í einkaeign og skráður á markaði. Ríkissjóður seldi svo 35% af hlut sínum í Íslandsbanka sumarið 2021 og síðan var 22,5% hlutur seldur í mars 2022. Miklar deilur urðu í kjölfar þeirrar sölu. Ríkið á enn 42,5 prósentu hlut í bankanum sem selja átti helming af á árinu 2024 og restina á árinu 2025. Söluferlið var hins vegar sett á ís vegna óánægju með síðasta söluferli. Bankasýsla ríkisins var gagnrýnd töluvert fyrir söluferlið og var í kjölfarið ákveðið einu sinni enn að leggja hana niður. Vegna stjórnarslita mistókst sú ætlan einu sinni enn og því starfar Bankasýslan enn. Um miðjan janúar 2025 lýsti nýr fjármálaráðherra því yfir að eftirstandandi hlutur ríkisins í Íslandsbanka yrði seldur á árinu og er áætlað að markaðsvirði hlutar ríkissjóðs í bankanum sé 100 ma.kr. virði. Samkvæmt eigendastefnu ríkisins er gengið út frá því að ríkið muni í framtíðinni einnig selja hluta af eign sinni í Landsbankanum en halda eftir 30-40%. Deildar meiningar voru á tímabilinu um kaup Landsbankans á tryggingafélaginu TM. Samkeppniseftirlitið hefur nú samþykkt þau viðskipti.

Um miðjan febrúar 2025 lýsti stjórn Arion banka óvænt yfir áhuga á að sameinast Íslandsbanka og taldi stjórn Arion það vera raunhæfan möguleika. Margir lýstu þó efasemdum um að samkeppnisyfirvöld myndu leyfa slíka sameiningu. Áform um þessa sameiningu virtust horfin þegar þetta var skrifað.

Félagsmönnum SSF hefur fækkað nokkuð á síðustu árum og fjöldi þeirra er nú svipaður og var árið 2004 eða um 3700. Flestir voru félagsmenn SSF um áramótin 2007/2008 en þá voru þeir um 5500. Fyrirtæki á samnings sviði SSF hafa ýmist verið sameinuð eða hætt starfsemi. Þar að auki er sífellt unnið að hagræðingu innan flestra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem stærri eru.

Aðildarfélögum SSF hefur fækkað talsvert frá því sem áður var ýmist vegna samruna við önnur félög eða vegna fækkunar félagsmanna með aðils að SSF, þrátt fyrir að nokkur ný hafi bæst við á síðustu árum. Á þinginu 2025 munu VÍS og indó sparisjóður verða tekin inn og verða aðildarfélög að SSF þá 13 talsins.

Sjálfvirknivæðing innan fjármálakerfisins hefur verið hröð á síðustu árum. Sum störf hafa dottið alveg út og önnur taka sífelldum breytingum. Kröfur til starfsmanna verða sífellt meiri og allar afurðir bankanna flóknari. Þegar þessi staða bætist við flóknar reglur vegna eftirlits af ýmsu tagi má segja að álag á flest starfsfólk fjármálakerfisins er mjög mikið. Samstarf SSF og aðildarfélaga við stjórnendur fjármálafyrirtækjanna gengur yfirleitt mjög vel, en auðvitað koma af og til upp ágreiningsmál sem reynt er að vinna úr með hagsmuni félagsmanna SSF að leiðarljósi. Í síðustu skýrslum stjórnar SSF hefur stjórnin ítrekað eftirfarandi áminningu til okkar allra:

Hlutverk kjörinna fulltrúa SSF er nú eins og endranær að standa vörð um réttindi, kjör og atvinnuöryggi félagsmanna SSF með öllum tiltækum ráðum. Starfsmenn eiga ekki að vera leiksoppar eða fórnarlömb í valdabaráttu eigenda fyrirtækjanna. Við höfum átt því láni að fagna að gagnkvæmt traust og virðing ríkir milli stjórnenda og félagsmanna SSF og það er verkefni allra kjörinna fulltrúa stéttarfélagsins SSF að tryggja að svo verði enn um alla framtíð. Með þeim hætti náum við best að tryggja áframhaldandi góð störf hjá öflugum, vel reknum og framsæknum fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í eigu þeirra.



Gísli Logi Logason, SÍ, í þungum þönkum



BANKAÞLAÐIÐ

Auglýsing Bankaþlaðinu 1953 - Finnast sennilega hvergi í banka í dag!

9. ATVINNUMÁL

Fjármálafyrirtækjum er enn að fækka eins og áður hefur verið sagt og nokkuð um samruna félaga á síðustu árum, t.d. hafa tryggingafélög tengst bönkum. Útibúum stóru bankanna hefur fækkað mikið, þau minnkað og afgreiðslutími yfirleitt styst. Hægt hefur á fækkun starfsmanna miðað við það sem áður var og enn er ekki útséð hvernig endanleg mynd fjármálakerfisins kemur til með að verða, t.d. vegna aukins frelsis á fjármálamarkaði og innkomu margra lítilla fyrirtækja sem veita sérhæfða þjónustu í samkeppni við hefðbundna fjármálaþjónustu.

Þeir kjarasamningar sem voru í gildi frá 2019 til 2023 voru fjármálafyrirtækjunum mjög hagstæðir. Sé horft á hlutfallslega hækkun launakostnaðar meðal atvinnugreina hafa fáar greinar fengið jafn litla hækkun og fjármála- og váttryggingargeirinn á þessu tímabili.

Ekkert fjármálakerfi í Evrópu er jafn þjakað af háum sköttum og alls kyns gjöldum og það íslenska. Nokkuð hefur dregið úr skattlagningu á síðustu árum en jafnan kemur fram áhugi margra stjórnámálanna að skattleggja bankakerfið sem mest.

Stóru bankarnir þrír högnuðust samtals um tæpa 240 ma.kr. á árunum 2022-2024. Þeir greiddu um 110 milljarða í laun á sama tímabili (launatengd gjöld ekki þar með), þar af um 40 ma.kr. á árinu 2024.

Bankarnir þrír greiddu um 102 milljarða í skatta árin 2022-2024 (Tekjuskatt + tryggingagjald + fjársýsluskatt + sérstakan fjársýsluskatt + bankaskatt + rekstur Fjármálaeftirlitsins + rekstur Umboðsmanns skuldara og fleira). Þetta er mikið miðað við nálæg lönd og því eðlilegt að kostnaðarhlutföll íslenskra banka séu mun hærri en banka í nágrannalöndunum þar sem fæstir þessir skattar eru til. Þá greiddu bankarnir þrír um 122 ma.kr. í arð til eigenda sinna á árunum 2022-2024. Eigendur eru að langstærstum hluta ríkissjóður og lífeyrissjóðirnir.

Almennt eru fyrrum starfsmenn fjármálafyrirtækja vel metnir starfsmenn hvar sem þeir hafa haslað sér völl á vinnumarkaði. Það að hafa starfað undir þeim aga og álagi sem fjármálafyrirtæki krefjast og af þeim mikla metnaði og þekkingu sem einkennir félagsmenn SSF hefur gert þá eftirsótt á öllum sviðum vinnumarkaðarins. Meiri hreyfanleiki – heimur utan fjármálamarkaðar.

Óvissan um starfsöryggi hefur minnkað en slík óvissa er alltaf óþægileg og veldur streitu sem kemur niður á heilsu, vinnuþreki og fjölskyldulífi hvers og eins. Óvissan kemur einnig niður á framleiðni og vinnugleði hvers einasta starfsmanns.

10. LÍFEYRISMÁL

Á tímabili kjarasamningsins sem gildi 2015-2018 var samið um verulega hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði. Launamenn greiða sjálfir áfram 4% en iðgjöld launagreiðenda voru hækkuð úr 8% í 11,5% á tímabilinu. Samtals eru iðgjöldin því orðin 15,5%. Launamenn geta ákveðið að setja öll 15,5% í samtryggingarsjóð, sem á að tryggja þeim 76% af meðallaunum í lífeyri frá 67-70 ára aldri, ef viðkomandi hefur greitt full iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti 40 ár. Einnig er val um að leggja 3,5% viðbótina í svokallaða „tilgreinda séreign“ sem lýtur öðrum reglum en frjáls séreign sem SSF hefur samið um síðastliðin 25 ár.



Indriði Stefánsson, REST, Rapyd
Europe Starfsmannafélag



Frá Formanna- og trúnaðarmanna-
fundi nóvember 2023



Félagsmenn SSF hafa einhver albestu lífeyrisréttindi sem samið er um í kjarasamningum. Strax í upphafi starfs fá félagsmenn 10% (6+4) í samtryggingar lífeyrissjóð og 5,5% í séreignarsjóð. Við þriggja ára starf skv. kjarasamningi SSF hækka 5,5% framlag bankans í séreignarsjóð upp í 7%. Þessu til viðbótar geta félagsmenn SSF eins og aðrir sparað sjálfir 2% (4%) í séreign og fá 2% á móti í séreign frá fyrirtækinu. Í allt geta því félagsmenn SSF sparað allt að 21% (23%) af launum sínum til lífeyris, starfsmaðurinn leggur fram 6% (8%) og fær 15% á móti frá fyrirtækinu. Þessi miklu réttindi þekkja ekki hjá öðrum stéttarfélögum sem semja um kaup og kjör á almennum vinnumarkaði.

Í dag eru allir almennir lífeyrissjóðir landsmanna svokallaðir „aldurstengdir söfnunarsjóðir“. Aldurstengda kerfið byggir á því að innlögð iðgjöld gefa mismunandi réttindi eftir því hve ávöxtunartími þeirra í sjóðnum er langur. Þannig getur 10.000 króna iðgjald gefið réttindi upp á 2.500 krónur hjá 25 ára einstakling, á meðan sama upphæð iðgjalds gefur 1.000 króna réttindi hjá 60 ára gömlum einstaklingi. Að baki réttindunum liggur réttindatafla sem tryggingafræðingar hafa útfært og yfirfara reglulega með tilliti til ávöxtunar og annara þátta í rekstri viðkomandi lífeyrissjóðs. Þessar réttindatöflur eru birtar á heimasíðum sjóðanna.

Mikilvægt er að félagsmenn hugi vel að því hvar þeir ávaxta séreignarsjóði sína, þeir sjóðir eru alfarið á ábyrgð hvers einstaklings. Best er að hafa stóran hluta séreignarsparnaðar í öruggri ávöxtun, t.d. á verðtryggðum bókum eða ríkistryggðum sjóðum. Lífeyri á sem minnst að nota í áhættusamar fjárfestingar því þetta eru launin sem við ætlum að byggja á þegar starfi okkar á vinnumarkaði lýkur.

Byrði vegna örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðunum hefur aukist með ári hverju og á sama tíma er meðalævi alltaf að lengjast, eins gleðilegt og það er. Þetta eykur mjög á skuldbindingar sjóðanna og alltaf verður erfiðara að ná markmiðinu (sett óbeint í lögum – 56% réttur eftir 40 ára inngreiðslu) um 3,5% raunávöxtun eignasafnsins þar sem langtímavextir fara lækkanði og hlutabréfamarkaðurinn er ennþá afar grunnur. Bundin er von við að VIRK-starfsendurhæfingarsjóður muni skila lægri tíðni örorku til framtíðar en tilgangur sjóðsins er að aðstoða starfsmenn með skerta starfsorku til endurhæfingar þannig að þeir eigi betra með að fara aftur út á vinnumarkaðinn. SSF er að sjálfsögðu þátttakandi í þessu mikilvæga verkefni og eiga allir félagsmenn SSF rétt á þjónustu VIRK (www.virk.is).

Í lok ársins 2021 samþykkti Fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur til samræmis við nýtt reiknilíkan. Í því felst að reiknigrunnur frá árinu 2019 skuli eiga við um lífslíkur eins og þær voru metnar á árinu 2016 en fyrir síðari ár skuli miðað við að lífslíkur taki breytingum til samræmis við reiknilíkan félagsins frá árinu 2020 varðandi breytingu lífslíkunda. Þessi tillaga felur í sér veigamikla breytingu hjá lífeyrissjóðum á mati skuldbindinga milli mismunandi aldurshópa. Lífeyrissjóðunum er því heimilt að innleiða hinar breyttu forsendur við tryggingafræðilega athugun. Í því felst val um hvort skuldbinding verði metin með reiknigrunni frá árinu 2019 eða með hinum nýja grunni. Allir lífeyrissjóðir áttu að vera búnir að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Þessar breytingar munu í flestum tilvikum leiða af sér auknar skuldbindingar fyrir lífeyrissjóðina sem þeir þurfa að bregðast við. Ein möguleg viðbrögð við þessu getur orðið hækkan lífeyristökualdurs í stuttum skrefum á löngum tíma.



Arnar Freyr Björnsson á formanna- og trúnaðarmannafundi nóvember 2023



Helena Jónsdóttir hjá Mental fjallar um geðheilbrigði á vinnustað





Rósa Jennadóttir starfsmaður SSF kynnir Styrktarsjóðinn

11. STYRKARSJÓÐUR SSF

Sjóðurinn er eign SSF og er myndaður af samningsbundnum greiðslum atvinnurekenda. Greiðslur í sjóðinn hófust 1. júní 1998 en útborganir hófust árið 1999. Framlag atvinnurekenda var í upphafi 0,35% af mánaðarlaunum, hækkaði í 0,4% árið 2004, 0,45% árið 2006, 0,5% árið 2007 og í 0,7% árið 2017. Árið 2019 var samþykkt grundvallarbreyting á iðgjöldum fyrirtækjanna til sjóðsins þannig að frá 1.1.2020 greiða fyrirtækin 0,7% af öllum greiddum launum félagsmanna SSF. Með þessari breytingu eru tekjur sjóðsins nú 40% hærri en þær voru meðan iðgjaldstofninn var „mánaðarlaun“.

Meginverkefni sjóðsins er að greiða dagpeninga til félagsmanna sem missa laun vegna sjúkdóma eða slysa. Einnig geta félagsmenn SSF sótt um ýmsa styrki skv. úthlutunarreglum sjóðsins. Sjóðurinn leggur mikla áherslu á að styrkja forvarnir, t.d. krabbameins- og áhættumatskoðanir. Greiddir eru styrkir vegna meðferðar hjá sjúkráþjálfurum og sambærilegum aðilum. Einnig er hægt að sækja um styrk vegna sálfræðimeðferðar, sjónglerja, laseraðgerða á augum, dvalar á heilsustofnunum, heyrnartækja, námskeiða vegna þyngdarstjórnunar, göngugreiningar, foreldranámskeiða og vegna tækni- og glasafrjóvgana. Sjóðurinn greiðir dánarbætur við andlát félagsmanns SSF, sem er á launaskrá við andlát. Einnig vegna andláts barna 20 ára og yngri, sem hafa verið á framfæri félagsmanns SSF.

Staða Styrktarsjóðs hefur verið góð síðustu ár, síðan framlagið var hækkað í 0,7% af heildarlaunum, og hafa tekjur hans dugað fyrir útgjöldum. Góð staða skýrist einnig að hluta til af því að ásókn í sjúkradagpeninga hjá sjóðnum hefur verið minni. Sjóðurinn hefur ekki þurft að leita eftir auka fjármagni frá Grunnstöði SSF á tímabilinu.

Nánar upplýsingar um Styrktarsjóð SSF má lesa á heimasíðu SSF og í árs-skýrslum SSF.

12. MENNTUNARSJÓÐUR SSF

Menntunarsjóður SSF var stofnaður á 41. þingi SÍB, nú SSF, árið 2001. Á síðasta ári voru því 24 ár frá stofnun hans. Menntunarsjóður varð ekki til af sjálfu sér frekar en önnur kjör félagsmanna, allt fæst þetta í gegnum kjarasamninga milli aðila. Þegar ákveðið var með samkomulagi þann 11. júní 1999 að hætta rekstri Bankamannaskólans, sem kannski reyndustu bankamenn í dag muna eftir, var samið um sérstakt framlag til fræðslumála



Ari Skúlason, formaður



Frá Formanna- og trúnaðarmannafundi nóvember 2023



Friðbert Traustason, fyrrv. form. SSF og Guðný S. Magnúsdóttir, 2. varaform. SSF



Hópa Vinna á formanna- og trúnaðarmannafundi nóvember 2023



Einu sinni var rekinn Bankamannaskóli

SÍB, sem þá var föst krónutala, 6,7 mkr. á ári vísitölutryggð þó. Í hverjum kjarasamningi eftir þennan var samið um hækkun krónutölu, þar til í kjarasamningi 2008-2010 að þeim góða árangri var náð að samið var um að fyrirtækin greiddu 0,2% af sama stofni og í Styrktarsjóð SSF. Í síðasta kjarasamningi sem gildir frá 2024-2028 var samið um hækkun framlags úr 0,21% af heildarlaunum í 0,3% af heildarlaunum en Menntunarsjóður hafði verið rekinn með halla tvö undangengin ár svo ekki veitti af hækkun. Þessi hækkun tók gildi frá 1. júní 2024 sem skýrir að nú skilaði Menntunarsjóður hagnaði. Stundum vill gæta þess misskilnings að framlagið sé tekið af launum félagsmannsins en svo er ekki, fyrirtækin greiða þetta iðgjald.

Markmið sjóðsins hefur alla tíð verið að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum. Á þingi SSF 2019 varð grundvallarbreyting, sem var fólgin í því að útvíkka heimildir sjóðsins með sérstöku átaksverkefni til þriggja ára á þann veg að ekki er nauðsynlegt að námið sé tengt starfi með beinum hætti, heldur er hugsunin sú að félagsmenn geti sótt það nám sem hugurinn stendur til. Að auki var samþykkt að hækka hlutfall styrks úr 50% af námskeiðsgjaldi í 80%. Með þessari breytingu var horfst í augu við það að margir hafa misst vinnuna m.a. vegna hagræðingar og aukinnar sjálfvirkni í bankakerfinu, og er þetta leið til að hjálpa félagsmönnum að finna vinnu á öðrum vettvangi. Með þessu verkefni sem enn er í gildi, jókst ásókn í sjóðinn og er það vel. Það varð þó til þess að Menntunarsjóður þurfti að sækja til Grunnsjóðs um aukafjárframlag inn í sjóðinn á árinu 2021, og samþykkti stjórn SSF 75 mkr. framlag. Með áður nefndri hækkun framlags í 0,30% sem náðist í síðasta kjarasamningi hefur sjóðurinn rétt úr kútnum.

Í dag er hámarksstyrkur á misseri (3 misseri á ári) 80% af námskeiðsgjöldum þó að hámarki kr. 175.000, en ekki eru greiddir styrkir vegna bókaþauka, ferðakostnaðar eða uppihalds. Að auki er hægt að sækja um tómstundastyrk að hámarki 30.000 á hverju undangengnu 12 mánaða tímabili. Þá geta sumarstarfsmenn sótt um styrk að hámarki kr. 30.000 á almanaksári. Einnig eru í gildi sérreglur vegna félagsmanna sem missa vinnuna eða taka sér launalaust leyfi.

Nánari upplýsingar um Menntunarsjóð SSF má lesa á heimasíðu SSF og í ársskýrslum SSF.



Margrét Bragadóttir starfsmaður SSF, kynnir Menntunarsjóðinn á trúnaðarmannanámskeiði

13. KANNANIR MEÐAL FÉLAGSMANNA

Það er stefna stjórnar SSF að framkvæma launakannanir annað hvert ár, en þó með tilliti til stöðu kjarasamninga hverju sinni. Síðasta launakönnun var því gerð á haustdögum 2023 og svöruðu um 80% félagsmanna sem er með því allra besta sem gerist í könnunum sem þessum á Íslandi. Launakönnunin sem er í lokuðu umslagi með lykilorði er afhent trúnaðarmönnum sem sjá um að afhenda hverjum og einum umslag. SSF býr yfir geysilega þétu trúnaðarmannaneti sem er lykillinn að góðri þátttöku, en þeir hjálpa okkur við að hvetja til svörunar.

Markmiðið með launakönnun er að fylgjast með almennum kjörum félagsmanna og breytingum á kaupum og kjörum milli ára. Einnig eru ýmsir aðrir þættir í starfi og starfsaðstæðum félagsmanna kannaðir, meðal annars vinnutími, jaflaunastefna, aðstaða til heimavinnu, álag og stress tengt starfinu o. fl. Skoðun félagsmanna á þjónustu SSF er könnuð, og almennt eru félagsmenn ánægðir með samskiptin við starfsmenn SSF.



Tómas Bjarnason frá Capacent Gallup kynnir niðurstöður launakönnunar

Alltaf má finna áhugaverðar upplýsingar í niðurstöðum kannana sem þessum. Það sem m.a. var áhugavert í könnuninni sem gerð var 2023 var að af þeim tæplega 62% svarenda sem óskuðu eftir launaviðtali, breyttust laun 77,6% þeirra mjög til hins betra eða heldur til hins betra. Það er því augljóst að þetta ættu allir félagsmenn að nýta sér, þ.e. að óska eftir launaviðtali.

Þá vekur einnig athygli að 23% þeirra er svöruðu nýttu sér ekki vinnustyttinguna þann mánuð sem spurt var um í ljósi þess að margir félagar hafa verið áfram um að lengja vinnustyttinguna.

Svör við spurningum um fjarvinnu voru líka athyglisverðar. Þar kom t.d. fram að tæplega fjórðungur vann fjarvinnu 1-2 daga í viku og hafði þeim fækkað frá 2021. Þá var líka athyglisvert að innan við 1% starfsfólks vann fjarvinnu að ósk atvinnurekenda eða stjórnanda en yfir 80% unnu fjarvinnu mest að eigin ósk.

Á heimasíðu SSF má finna heildarniðurstöður launakönnunarinnar 2023 (og eldri kannana), auk þess sem tölur úr könnuninni eru komnar inn í launareiknivélina á heimasíðunni.

Útgáfu- og kynningarmál

ÚTGÁFUSTARFSEMI SSF SSF – BLAÐIÐ


Frá síðasta þingi, sem var haldið árið 2022, hefur einungis verið gefið út eitt tölublað af SSF blaðinu, þá bæði á pappírformi og á heimasíðu SSF. Á síðasta þingi SSF 2022 var ályktað þess efnis að hætta útgáfu SSF-blaðsins á prenti. Það er þó mjög mikilvægt að halda áfram að skrásetja alla starfsemi SSF, breytingar á kjarasamningum, og lögum og reglum sem gilda um störf félagsmanna SSF með áframhaldandi útgáfu SSF-blaðsins a.m.k á rafrænu formi. Í dag fer miðlun fréttu hjá SSF aðallega fram á heimasíðu félagsins ssf.is sem nýlega var uppfærð og á fésbókinni.

NÝ HEIMASÍÐA SSF (WWW.SSF.IS) OG SAMFÉLAGSMÍDLAR

Í tilefni af 90 ára afmæli SSF þann 30. janúar 2025 var í afmælisvikunni sett í loftið ný heimasíða SSF sem hafði verið í vinnslu um alllangt skeið í samvinnu við Kaktus Kreatives. Eldri síðan var orðin brothætt og því tímabært að uppfæra hana. Lögð var áhersla á að einfalda síðuna og betrubæta leitarmöguleikana. Síðan hefur mest vel fyrir en allar ábendingar um það sem betur má fara eru vel þegnar á netfangið ssf@ssf.is.

Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á að auka virkni á vefmiðlum SSF, bæði á heimasíðu og öðrum samfélagsmiðlum, þó sérstaklega á fésbókinni. Á heimasíðu SSF birtust um 135 fréttir á líðandi kjörtímabili sem tengdust starfsemi stéttarfélagsins. SSF er með yfir 2700 fylgjendur á fésbókarsíðunni, þar sem meirihluti fylgjenda eru núverandi félagsmenn SSF. Á fésbókina fara allar fréttir/tilkynningar sem birtar eru á heimasíðu félagsins. SSF er einnig með reikning á Instagram sem hefur þó ekki verið mjög virkur frá því að hann var stofnaður.

Í dag eru um 3700 félagsmenn í SSF og því ljóst að enn eru sóknartækifæri í því að fjölga fylgjendum og ná þannig til fjölda félagsmanna á einfaldan og ódýran hátt. Þar verða aðildarfélög SSF og trúnaðarmenn að leggja á áráttar með stjórn og skrifstofu SSF.



Auglýsing úr Bankablaðinu frá 1935



Afmælislógo hannað af Aton auglýsingastofu



Kynningarbæklingur um SSF

SAGA SSF

Varðveisla sögu félagsins er mjög mikilvæg fyrir starfsemi félagsins, gömul blöð samtakanna (Bankablaðið, SÍB-blaðið og SSF-blaðið) eru öll vistuð rafrænt hjá Landsbókasafninu, www.timarit.is, og er það stefna SSF að öll blöð sem gefin verða út í framtíðinni verði varðveitt þar og því aðgengileg til frambúðar. Einnig er hægt að leita að gömlum fréttum sem birst hafa á heimasíðu SSF í betrubætttri leit.

TRÚNAÐARMANNAHANDBÓK SSF

Trúnaðarmannahandbók SSF innheldur leiðarvísi fyrir starf trúnaðarmannsins. Þar er að finna upplýsingar um réttindi félagsmanna og leiðbeiningar um hvar nálgast megi upplýsingar og ýmis önnur mikilvæg atriði sem gagnast trúnaðarmönnum SSF. Handbókin er uppfærð eftir þörfum, þá sérstaklega við breytingar á réttindum félagsmanna sem hafa áhrif á starf trúnaðarmanna.

14. FRÆDSLUMÁL

FRÆDSLUSTARF SSF

Mikilvægur þáttur í starfi stéttarfélags er fræðsla um réttindi og skyldur félagsmanna. Það getur verið tyrfið að ganga um völungarhús kjarasamningsins, og ekki sjálfgefið að allir þættir hans séu ljósir. Því er gott að geta leitað til stéttarfélagsins þegar vafamál koma upp eða frekari upplýsinga er þörf. Heimasíða SSF hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar sem svarað getur mörgum spurningum. Þar er einnig að finna ýmsan fróðleik svo sem upplýsingar um sjóði félagsins, Menntunar- og Styrktarsjóð, SSF blöðin, kjarasamninga og síðast en ekki síst launakannanir. Á fésbókar-síðuna setur SSF upplýsingar um það nýjasta sem er í gangi hverju sinni. SSF hvetur alla til að kynna sér nýja heimasíðu SSF og ekki síður fésbókar-síðuna og fylgja henni.

TRÚNAÐARMANNAFRÆDSLAN

Það er takmark SSF að mennta sína trúnaðarmenn vel. Kappkostað er að halda námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn fljótlega eftir kosningu trúnaðarmanna sem er annað hvert ár, næst í febrúar 2026. Frá síðasta þingi hafa verið haldin þrjú námskeið, eftir trúnaðarmannakosningar 2022 og 2024 auk „Framkomu- og ræðunámsskeiðs“ undir leiðsögn Ólafs Guðmundssonar, leikara og kennara í nóvember 2024 fyrir þá trúnaðarmenn sem höfðu lokið „Trúnaðarmannanámskeiði I-II“. Að auki var trúnaðarmönnum boðið á þá Formannafundi sem haldnir voru á tímabilinu. Um þá er fjallað nánar annars staðar í skýrslunni.

Trúnaðarmannanámskeið I-II hefur verið í föstum skorðum fyrir nýja trúnaðarmenn. Fyrri daginn hefur Friðbert Traustason, fyrrverandi formaður SSF farið yfir réttindi og skyldur trúnaðarmanna, samningamál og lagaumhverfi auk þess sem starfsmenn skrifstofunnar kynna sjóði SSF. Núverandi formaður SSF, Ari Skúlason, flutti einnig erindi um málefni líðandi stundar á þeim námskeiðum sem haldin voru. Seinni daginn hefur Eyþór Eðvarðsson, stjórnendabjálfi hjá Þekkingarmiðlun, farið yfir erfiðu mál trúnaðarmannsins sem geta verið af ýmsum toga.



Þessi auglýsing birtist í fyrsta banka- blaðinu 1 tbl. 1. árg. júlí 1935



Eyþór Eðvaldsson hjá Þekkingar- miðlun á trúnaðarmannanámskeiði



Núverandi og fyrrverandi formenn SSF, Ari og Friðbert miðla af þekkingu sinni



Ólafur Guðmundsson kennir trúnaðarmönnum ræðulist

KOSNING TRÚNAÐARMANNA

Trúnaðarmenn eru kosnir á tveggja ára fresti, nánar tiltekið í febrúar. Árið 2024 voru 30 nýir trúnaðarmenn kjörnir en 64 voru endurkjörnir. SSF þakkar öllum þeim sem hafa gefið sér tíma í að starfa sem trúnaðarmenn en hafa hætt störfum og býður nýja velkomna til starfa. SSF metur mikils þegar félagsmenn sjá sér fært að starfa fyrir félagið og hvetur alla til að íhuga þátttöku í félagsmálum, hvort sem er sem trúnaðarmaður fyrir SSF eða sem þátttakandi í stjórnnum starfsmannafélaga. Það er bæði gefandi og lærdómsríkt.

15. UNGT FÓLK INNAN SSF

SSF er aðili að alheimssamtökunum UNI Global sem eru samtök starfsmanna í þjónustustörfum. SSF hefur átt fulltrúa í ungliðasamtökunum UNI Youth frá júní 2022 þegar Jóhanna M. Jónsdóttir var kjörin sem varaformaður í stjórn UNI Europa Youth. Jóhanna tók svo við sem formaður stjórnar UNI Europa Youth í maí 2023 og UNI Global Youth í október 2023.

UNI Europa Youth skiptist upp í átta svæði og er stjórn ungmenna samansett af fulltrúum þeirra svæða. Stjórnin vinnur svo saman, leggur til og skipuleggur ýmskónar viðburði. Þar má t.d. nefna sumarskóla, vetrarskóla, vinnustofur, svæðisfundi og fleira sem til fellur, þar sem unnið er að því að byggja upp færni hjá ungu fólki, meðal annars samskipta- og leiðtogaþæfileika.

Mikil vinna fer í að byggja upp sterk tengslanet og byggja upp svæðin en það hefur verið mikil velta hjá yngri kynslóðum í gegnum tíðina og þá sérstaklega innan nefnda í Evrópu. Þar eru ýmsar ástæður að baki, yngra fólk skiptir oft um vinnu, er að stofna fjölskyldu eða fara í frekara nám. Því er endurnýjunin mikil og mikill tími fer í að finna og þjálfa upp nýtt fólk.

Sem formaður situr Jóhanna fyrir hönd stjórnar, meðal annars í kvennafnd (e. Womens committee) og í framkvæmda- og rekstrarnefnd (e. Executive and management committee) innan UNI. Þar eru hennar helstu verkefni að byggja upp tengsl, berjast fyrir málefnum ungs fólks og þeim tillögum sem stjórn UNI Youth er að reyna koma í gegn hverju sinni.

Jóhanna hefur tekið eftir miklum mun á starfi ungmenna og þeim sem eru eldri en 35 ára í gegnum nefndarstörfin, t.d. þegar kemur að fjármagni, vinnu og skipulagi. Sem dæmi um það fara langflestir fundir stjórnar ungmenna fram í gegnum fjarfundi til að halda niðri kostnaði við ferðalög og reynt er að halda þá fáu fundi sem eru í persónu samhliða stærri viðburðum hjá samtökunum. Allir fundir fara fram á ensku til að minnka kostnað við túlka og t.d. í sumarskólanum sér stjórnin um fræðsluna. Það sama er ekki hægt að segja um önnur nefndarstörf.

Það vill oft verða þannig, hvort sem það er viljandi eða ekki, að yngra fólk fær síður tækifæri til að taka þátt eða hafa atkvæðisrétt bæði innan stéttarfélags eða á viðburðum. Oftar en ekki fá þau stöðu gests á ráðstefnum og geta þá ekki tekið þátt í umræðum eða kosningum um þau málefni sem þau varða.

Þrátt fyrir þetta er stjórn UNI Europa Youth mjög metnaðarfull og skipuleggur sig vel fyrir ráðstefnur eða þing. Það er reynt að gæta þess að það sé alltaf einhver fulltrúi ungs fólks sem tekur þátt í umræðum við hverja tillögu (e. motion). Síðustu ár hefur stjórnin þurft að breyta öllum tillögum sem hún hefur unnið að fyrir ráðstefnur eða þing á þann hátt að þær megi ekki innihalda raunverulegar breytingar því samkvæmt stjórnendum „verða þær tillögur aldrei samþykktar“ af eldri kynslóðum. Betur má ef duga skal.



Friðbert Traustason, kynni SSF og vinnumarkaðsumhverfið á trúnaðarmannanámskeiði



Jóhanna flytur ræðu á þingi UNI



Jóhanna í sumarskóla UNI Youth 2024

Jóhanna hefur lagt sig alla fram við að vera góður fulltrúi okkar á alþjóðavísu og er mjög þakklát fyrir tækifærið til að taka þátt og leggja sitt af mörkum fyrir hönd SSF og þakkar fyrir allan stuðninginn sem hún hefur fengið frá SSF. Hún vonar að við höfum öll í huga að við þurfum að passa upp á endurnýjun innan SSF og leyfa unga fólkinu að taka þátt ef við viljum að framtíð SSF sé örugg.

16. JAFNRÆÐISMÁL

Markmið stjórnar SSF er að stuðla að jafnræði og sporna gegn mismunun á vinnumarkaði hvort sem er á grundvelli kynferðis, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, trúarbragða eða stöðu að öðru leyti. SSF vill einnig stuðla að því að starfsfólk fjármálafyrirtækja geti samræmt fjölskylduábyrgð og starf eins og best verður við komið. Atvinnurekendur eru sérstaklega hvattir til þess að vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf og að laun séu jöfn óháð kyni. Þá skulu atvinnurekendur einnig gæta jafnræðis við ráðningar í störf, tilfærslu milli starfa, kjaraákvæðanir og aðrar úrlausnir mála.

ERLENT SAMSTARF

SSF er þátttakandi í erlendu samstarfi um jafnréttismál auk þess að taka þátt í norrænu samstarfi með stéttarfélögum innan NFU og alheims-samtökunum UNI. Árið 2023 tóku fulltrúar stjórnar SSF þátt í kvennaráðstefnu UNI Global Union. Efnistök ráðstefnunnar var að konur rísi upp og vinni gegn hvers konar mismunun með ýmsum leiðum eins og t.d. að:

- Konur gefi kost á sér í stjórnir stéttarfélaganna
- Konur vinni að bættri heilsu og öryggi kvenna
- Konur vinni að heimi án ofbeldis og áreitni
- Konur vinni að því að konur fái mannsæmandi vinnu og vinni að sjálfbærni
- Konur styðji framgöngu ungs fólks

Að byggja upp jafnrétti á vinnustað er mikilvægt verkefni UNI Global Union og það næst ekki án samtakamáttar. Áhersla UNI Global Union líkt og SSF er að vinna gegn hvers kyns mismunun á vinnustað. Þá er leitast við að bæta ekki aðeins vinnuaðstæður heldur líf fólks.



Teygt úr sér milli stríða á trúnaðarmannanámskeiði



Þátttakendur á trúnaðarmannanámskeiði, Hótel Hamri, teygja úr sér

INNLENT SAMSTARF

Á innlendum vettvangi hefur SSF tekið þátt í samstarfi við ASÍ og aðildarfélög innan samtakanna varðandi skipulagningu Kvennafrídagsins 24. október og alþjóðlegs baráttudags kvenna sem haldinn er 8. mars á hverju ári. Fulltrúi SSF í þessu samstarfi hefur verið Guðný S. Magnúsdóttir, 2. Varaformaður SSF.

Lítið var um fundi og viðburði árið 2022, enda þjóðin að losna undan viðjum Covid faraldursins. Á baráttudegi kvenna þann 8. mars 2023 var haldinn fundur á Zoom undir yfirskriftinni „**Ryðjum brautina: Metum konur af erlendum uppruna að verðleikum.**“ Fjallað var um erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði, þeirra reynslu og hvað verkalyðshreyfingin getur gert.

Stærsti viðburður ársins 2023 var útifundurinn sem haldinn var 24. október þar sem konur og kvár lögðu niður störf í heilan dag. Yfirskrift dagsins var að krefjast þess að kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi verði útrýmt og að störf kvenna og kvára verði metin að verðleikum. Mjög mikil þátttaka var í deginum þar sem um 100.000 manns söfnuðust saman við Arnarhól og að auki voru haldnir viðburðir um allt land.

Hádegisfundur vegna alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars árið 2024 var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica þar sem velt var upp spurningunni: **Hver ber ábyrgðina** á umönnunartímabilinu, foreldraorlofi og tekjutapi? Fyrirlesarar fóru yfir þróun fæðingarorlofs og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs barnafjölskyldna á Íslandi.

Til að fylgja eftir kvennaverksfallinu hafa 34 samtök femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks tekið höndum saman undir nafninu „**Kvennaár 2025**“, og þar á meðal er SSF. Lagðar voru fram kröfur þann 24. október 2024 á viðburði í Bíó Paradís „**Kvennaverksfall – hvað svo?**“ Öllum formönnum stjórnmálaflokka var boðið og var mæting mjög góð þar sem flestir formenn flokkanna mættu. Voru þeim afhentar kröfur Kvennaárs 2025 en kröfurnar eru aðgengilegar á vefsíðunni <https://kvennaar.is> Að viðburði loknum var sýnd myndin „**Dagurinn sem Íslands stöðvaðist**“.

„**Kvennaár 2025**“ boðaði einnig til kosningafundar í lönó um kröfur Kvennaársins með forystufólki stjórnmálaflokka þann 19. nóvember 2024 en „**Kvennaár 2025**“ hefur lagt fram kröfur um lagabreytingar og aðgerðir í þremur flokkum um launajafnrétti, ólaunaða vinnu og kynbundið ofbeldi. Þátttaka kosningafundar var mjög góð og komu fulltrúar frá flestum flokkum og svöruðu fyrirspurnum sem fyrir þá voru lagðar. Hægt er að finna kosningafundinn á youtube síðu undir nafninu: „**Kosningafundur kvennaárs**“.

Dagurinn 30. janúar 2025 markaði upphaf „**Kvennaárs 2025**“ þar sem konur hristu sig saman í lönó með fjölbreyttri dagskrá þar sem fléttað var saman baráttu okkar fyrir samfélagi þar sem öll búa við jöfn tækifæri og möguleika.

Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast með heimasíðu „**Kvennaárs 2025**“ ásamt fésbókarsíðu þar sem viðburðir undir nafninu „**Kvennaár 2025**“ verða kynntir. Við vitum sem er að sameiginlegur kraftur okkar er óstöðvandi. Sagan sýnir okkur það. **Við getum, þorum og viljum!**



Á baráttufundi kvenna í Bíó Paradís 2025



Þátttakendur í afmælisþingi NFU

17. SAMSTARF VIÐ ERLEND FAGSAMTÖK

SSF er aðili að Norrænum samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja NFU – Nordic Financial Unions en innan samtakanna eru átta aðildarfélagög frá fimm löndum sem verja hagsmuni 150.000 félagsmanna. Meginhlutverk NFU er að sinna hlutverki sínu sem hagsmuna- og regnhlífasamtök norrænu aðildarfélaganna. Það felur í sér að viðhalda samskiptaneti og samstarfi milli NFU og aðildarfélaganna annars vegar og aðildarfélaganna sín á milli hins vegar. Norræna tengslanetið milli þjóða er mikilvægt í hagsmunavörslu gagnvart ESB og ein sterk norræn rödd er mikilvæg nú þegar sífellt fleiri reglugerða- og lagabreytingatillögur eru lagðar fram sem snúa að fjármálamarkaðnum. NFU hefur þannig lagt mikla áherslu á að hafa áhrif á regluverkið með umsögnum um lagafrumvörp og með beinum áhrifum á stjórnsýsluna. NFU hefur fengið orð á sig fyrir að vera jafnan með vandaða málsmeðferð með niðurstöðum sem gjarnan eru byggðar á rannsóknnum fræðimanna. Þannig hefur NFU lagt mikla áherslu á gott samstarf við fræða- og rannsóknarumhverfið sem hefur fjármálageirann sem viðfangsefni.

Aðild að NFU eiga samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og trygginga- starfsmanna í Danmörku (DFL og Finansforbundet), í Finnlandi (PRO), á Íslandi (SSF), í Noregi (Finansforbundet) og í Svíþjóð (Finansförbundet og Forena). Í Noregi, Finnlandi og Íslandi eru starfsmenn fjármála- og tryggingafélaga í sama stéttarfélagi en í Danmörku og Svíþjóð eru þeir í aðskildum félögum. Í framkvæmdastjórn NFU eru átta aðilar frá öllum aðildarlöndunum. Forseti NFU er Michael Budolfson frá Finansforbundet í Danmörku. Ari Skúlason hefur setið í stjórn NFU fyrir hönd SSF undanfarin ár. Stjórnarfundir NFU eru að jafnaði fjórum sinnum á ári (þar af tveir á Teams) og skiptast aðildarfélagin á að halda þá. Skrifstofa NFU er staðsett í Stokkhólmi og starfa þar þrír starfsmenn en framkvæmdastjóri samtakanna er Carin Hallerström.

Eitt af hlutverkum NFU er að styðja við bakið á einstökum aðildarfélagum í vinnudeilum. Hvert aðildarfélag hefur yfir að ráða eigin verkfallssjóði, en þeir sameinast einnig í gegnum NFU. Þannig getur aðildarfélag sem á í vinnudeilu fyrirvaralaust og án samþykkis stjórnar NFU fengið allt að 100 milljónir SEK (ca. 1,3 milljarðar íslenskra króna) úr sameiginlegum sjóðum. Um er að ræða lán en þó getur stjórn NFU ákveðið hvort um verði að ræða styrk að hluta eða öllu leyti.



Ari á fundi Uni Global í Filadelfíu



Pallborðsumræður í tilefni 100 ára afmælis NFU

Í miðstjórn NFU, sem er æðsta ákvörðunarvald innan NFU, situr 21 fulltrúi frá öllum aðildarlöndum. Frá SSF hafa setið í miðstjórn þau Ari Skúlason og Guðný S. Magnúsdóttir, til vara eru aðrir stjórnarmenn SSF. Miðstjórn ber ábyrgð á að samþykka ársreikninga félagsins og kemur miðstjórn saman fjórða hvert ár, þar sem farið er yfir helstu störf og áherslur í starfi NFU. Fulltrúar frá SSF hafa á starfstímabilinu setið ýmsar ráðstefnur á vegum NFU þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar sem tengjast starfsemi stéttarféлага.

NFU átti 100 ára afmæli í maí 2023 og var haldið upp á viðburðinn á hátíðarfundum í Finnlandi í maí það ár. SSF sendi 6 fulltrúa á þann fund. SSF (áður SÍB) hefur verið aðili að samtökunum frá árinu 1937 og var fyrsti fundur samtakanna hér á landi haldinn 1949.

SSF er einnig aðili að UNI Global Union, sem eru alþjóðasamtök um 20 milljón félagsmanna verslunar-, skrifstofu- og tæknifólks sem er ekki í opinberri þjónustu. Eins og sjá má í 16. kafla hér að framan hefur SSF leikið stórt hlutverk í málefnum ungs fólks innan UNI, en Jóhanna María Jónsdóttir stjórnarmaður í SSF hefur verið í forystuhlutverki ungs fólks innan UNI síðustu 3 ár.



Fulltrúar SSF á UNI fundi í Filadelfíu



F.v. Guðný, Ari, Karlotta, Jóhanna, Oddur og Rósa



VIÐAUKAR

Ársskýrslur SSF 2022-2024

Ársskýrslur í heild sinni ásamt ársreikningum
hvers árs má nálgast á heimasíðu SSF



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

ÁRSSKÝRSLA SSF 2022



Efnisyfirlit

Nokkur atriði um starfsemi SSF	4
Fjöldi félagsmanna í SSF.	4
Helstu tölur úr rekstri ársins 2022.	6
Laun og launatengd gjöld	6
Tölvukerfi SSF.	7
Þing SSF	7
Erlent samstarf	7
Launakönnun.	8
Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	8
Styrktarsjóður SSF.	9
Styrktarsjóður	10
Menntunarsjóður SSF.	11
Menntunarsjóður	12
Vinnudeilusjóður.	13
Grunnsjóður SSF.	13
Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings.	14

Nokkur atriði um starfsemi SSF


SSF er leiðandi stéttarfélag fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja og tengdra fyrirtækja.

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

Skrifstofa SSF er í Nethyl 2E og er húsnæðið í eigu félagsins.

Árið 2022 störfuðu á skrifstofu SSF þrír starfsmenn, tveir í fullu starfi og einn í 80% starfshlutfalli.

Fjöldi félagsmanna í SSF



	Konur	Hlutf %	Karlar	Hlutf%	Samtals
2022	1892	54%	1631	46%	3523
2021	1958	56%	1541	44%	3499
2020	2097	57%	1570	43%	3667
2019	2257	59%	1541	41%	3798
2018	2337	60%	1570	40%	3907
2017	2465	61%	1575	39%	4040
2016	2500	61%	1627	39%	4127

Tölur m.v. iðgjöld í nóvember hvert ár.

Stjórn SSF skipa 9 félagsmenn sem kjörnir eru til þriggja ára í senn á þingi SSF. Stjórnarseta er launuð og eru laun stjórnarmanna ákveðin á þingi SSF.

Árið 2022 voru aðildarfélög að SSF ellefu talsins. Forsvarsmenn aðildarfélaga hafa beina aðkomu að starfi og stefnumótun SSF. Félagsmenn aðildarfélaga SSF kjósa fulltrúa á þing SSF. Um 96% félagsmanna SSF standa að baki þessum 11 aðildarfélögum.

Formannafundir SSF eru haldnir einu sinni á ári, og oftast ef þörf er á. Fundina sitja stjórnarmenn SSF og formenn og stjórnarmenn aðildarfélaga auk reyndra trúnaðarmanna. Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF. Haldinn var formanna- og trúnaðarmannafundur í janúar 2022 á „teams“ vegna fjöldatakmarkana og var vel sóttur. Í nóvember var Covid á bak og burt og var þá haldinn stór fundur með formönnum og trúnaðarmönnum þar sem áherslan var lögð á kjarasamninga sem þá voru lausir. Mættu milli 60-70 manns sem unnu í hópum að því að forgangsraða megináherslum í kjarasamningsviðræðum.

Tæplega hundrað trúnaðarmenn eru fulltrúar SSF á vinnustöðum. Trúnaðarmenn eru mikilvægur hlekkur í rekstri stéttarfélagsins og leggur SSF mikla áherslu á traust samband milli trúnaðarmanna og skrifstofu SSF, til dæmis með öflugum fræðslustarfi á sérstökum námskeiðum fyrir trúnaðarmenn.

SSF hefur umsjón með sjóðum SSF, það er Styrktarsjóði og Menntunarsjóði, og hefur með höndum allan daglegan rekstur sjóðanna í samræmi við úthlutunarreglur og í samráði við stjórnir sjóðanna. SSF á einnig öflugan Vinnudeilusjóð.

Helstu tölur úr rekstri ársins 2022

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

Rekstrartekjur SSF	168.721
Rekstrargjöld SSF	168.135
Laun og launatengd gjöld	70.297
Tölvukerfi SSF	9.478
Aðkeypt ráðgjafapjónusta	10.922
Kostn. v/fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	19.891
Rekstur fasteigna	7.179
Erlent samstarf	8.433
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	17.090
Hagnaður ársins	17.677
Eigið fé	586.684

Fjárhæðir í þús. króna

Laun og launatengd gjöld

Árið 2022 voru 3,25 ársstörf á skrifstofu SSF auk þess sem níu manna stjórn SSF fær greidd laun samkvæmt ákvörðun þings SSF hverju sinni. Allri daglegri starfsemi er sinnt á skrifstofu SSF en sérhæfðum málum, svo sem lögmanns- og tölvuþjónustu sem og hluta af útgáfu- og kynningarstarfi er útvistað.

Tölvukerfi SSF

SSF rekur tölvukerfi sem er leigt og þjónustað af DK ehf. SSF og DK hafa um árabil átt farsælt samstarf. Fyrirtækið Kaktus Kreatives ehf. sér um „Mínar síður“, en kerfið hefur bætt verulega þjónustu við félagsmenn þar sem allt umsóknarferli í sjóði SSF er nú rafrænt. Rekstur SSF er þess eðlis að tölvukerfi félagsins geymir mikið magn persónuupplýsinga og leggur félagið því mikil áherslu á öryggismál.

Þing SSF

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málefnum SSF. Þingið er haldið á þriggja ára fresti og var síðasta þing haldið í mars 2022. Næsta þing verður haldið í mars 2025, á 90. afmælisári samtakanna. Á þingi SSF er stefna og áherslur í starfi félagsins ákveðnar til þriggja ára í senn, ný stjórn SSF er kosin auk þess sem fjárhagsáætlun er gerð fyrir rekstur SSF til næstu þriggja ára. Á milli þinga er rekstur SSF í höndum stjórnar SSF og formannafunda. Þing SSF er skipað fulltrúum allra aðildarféлага SSF. Þingið sækja um 80 manns og er það skipulagt með þéttri dagskrá í tvo heila daga. Þingfulltrúar fá ekki greitt fyrir þingsetu en SSF greiðir ferðakostnað, gistingu og uppihald.

Erlent samstarf

SSF er aðili að tveimur erlendum regnhlífasamtökum. Þetta eru norrænu samtökin NFU (Nordic Financial Union) og alheimssamtökin UNI sem eru samtök starfsmanna sem starfa við þjónustu. SSF tekur virkan þátt í starfi þessara samtaka og situr Ari Skúlason í stjórn NFU og hann auk Guðnýjar S. Magnúsdóttur í miðstjórn NFU. Aðild að NFU tryggir einnig aðgang að sameiginlegum norrænum vinnudeilusjóði. Þá hefur SSF einnig átt fulltrúa í ungliðasamtökum verkalýðsfélaga UNI-Youth. Á þingi UNI Europa Youth í júní 2022 bauð Jóhanna M. Jónsdóttir stjórnarmaður í SSF sig fram sem varaforseti í stjórn samtakanna og hlaut hún kosningu með fullt hús stiga. Jóhanna hefur einnig setið í Womens committee innan UNI. Stærstur hluti kostnaðar vegna erlends samstarf er félagsgjöld til þessara tveggja samtaka.

Launakönnun

Það er stefna stjórnar SSF að framkvæma launakannanir annað hvert ár, en þó með tilliti til stöðu kjarasamninga hverju sinni. Síðasta könnun var framkvæmd í október 2021. Til að fá sem mesta þátttöku í launakönnun voru lykilorð í lokuðum ómerktum umslögum afhent félagsmönnum á hverjum vinnustað, algerlega órekjanleg. Svörun var 76% sem er með eindæmum góð þátttaka í launakönnun á Íslandi. Markmiðið með launakönnun er að fylgjast með almennum kjörum félagsmanna og breytingum á kaupi og kjörum milli ára. Einnig eru ýmsir aðrir þættir í starfi og starfsaðstæðum félagsmanna kannaðir, meðal annars vinnutími, jaflaunastefna, aðstaða til heimavinnu, álag og streita tengt starfinu o. fl. Skoðun félagsmanna á þjónustu SSF er könnuð, og almennt eru félagsmenn ánægðir með samskiptin við starfsmenn SSF. Næsta launakönnun er fyrirhuguð á haustdögum 2023.

Á heimasíðu SSF má finna heildar niðurstöðu launakönnunar 2021 (og eldri kannana).

Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi

Öflug fræðslu-, útgáfu- og kynningarstarfsemi er mikilvægur þáttur í rekstri stéttarfélags. Ekkert SSF blað kom út árið 2022. Til að halda utan um söguna er því mikilvægt að taka saman styttri greinar sem birst hafa á heimasíðu SSF og gefa út til varðveislu. Félagið nýtir sér jafnframt vef- og samskiptamiðla til að miðla upplýsingum til félagsmanna en samtökin eru með um 2.900 fylgjendur á Facebook og Instagram, en langstærstur hluti þeirra eru félagsmenn SSF.

SSF hélt námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn í október 2022 á Hótel Hamri sem tókst vel að venju, enda afar gagnlegt og gott að hitta trúnaðarmenn og fyrir þá að hitta aðra trúnaðarmenn, stjórn og starfsmenn SSF. Að auki voru haldnir tveir formannafundir og var trúnaðarmönnum boðið að taka þátt í þeim fundum.

Á heimasíðu SSF er að finna trúnaðarmannahandbók SSF sem er handhægt uppflettirit með ýmsum gagnlegum upplýsingum auk bæklingins "Traustur bakhjarl", lítill upplýsingabæklingur um helstu kjör SSF.

Styrktarsjóður SSF

Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli bókunar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var í apríl 1997. Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 1999. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,7% af launum starfsmanna til sjóðsins.

Meginverkefni Styrktarsjóðs er að greiða félagsmönnum SSF sjúkradagpeninga verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa og hafa nýtt veikindarétt sinn samkvæmt kjarasamningi SSF að fullu. Sjóðurinn endurgreiðir jafnframt hluta kostnaðar vegna ýmissa fyrirbyggjandi meðferða og skoðana samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins hverju sinni.


Heildarúthlutun úr Styrktarsjóði árið 2022 nam rúmlega 259 m.kr. samanborið við rúmlega 221 m.kr árið 2021.

Rekstrartekjur	284.633*
Rekstrargjöld	259.533
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3.059
Hagnaður	28.160
Eigið fé	169.730

Fjárhæðir í þús. króna

Styrktarsjóður

Skipting styrkja árið 2022



Hlutfallsskipting:

Aðrir styrkir	9.340.100	4%
Hjartaskoðun áhættumat	16.243.285	6%
Krabbaeinnsskoðun	6.312.453	2%
Sálfræðimeðferð	30.444.117	12%
Sjóngler, linsur, laser og heyrnartæki	31.130.117	12%
Sjúkraþjálfun, nudd	22.812.860	9%
Tæknifrjógvun/Ættleiðing	14.328.766	6%
Sjúkadagpeningar	128.772.635	50%
Samtals	259.384.333	100%

Fjárhæðir í þús. króna

ATH: Allar tölur eru bráðabirgðatölur

Menntunarsjóður SSF

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Sjóðurinn styrkir einnig ýmis námskeið í námstækni, og námskeið sem nýtast til félagsstarfa. Á 47. þingi SSF 2019 var samþykkt sérstakt tímabundið átak til þriggja ára í menntunarmálum, reglur rýmkaðar og styrkir hækkaðir, ekki síst í því skyni að gera félagsmönnum kleift að takast á við störf á nýjum vettfangi í kjölfar uppsagna. Átakinu hefur verið haldið áfram með óbreyttu sniði.

Hámarksstyrkur á misseri er 80% af námskeiðsgjöldum, þó aldrei hærri en kr. 175.000. Félagsmaður getur fengið allt að kr. 525.000 samtals á ári í styrk m.v. þrjú misseri, janúar-maí, júní-ágúst og september-desember.


Menntunarsjóður SSF hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 2001.

Rekstrartekjur (Árgjöld)	85.557*
Rekstrargjöld	103.801
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	423
Hagnaður	(17.821)
Eigið fé	66.518

*Fjárhæðir í þús. króna

Menntunarsjóður

Skipting styrkja árið 2022



	Í þús	í %
Háskólanám-framhaldsnám (MSc./ML/MS)	31.043	28%
Háskólanám-Grunnnám	29.904	27%
Endurmenntun/stytttri námsleiðir/Tungumál	26.252	24%
Nám á framhaldsskólastigi	10.914	10%
Sjálfstyrking	5.814	5%
Tímstundastyrkir	6.714	6%
	110.641	100%

Fjárhæðir í þús. króna

ATH: Allar tölur eru bráðabirgðatölur

Vinnudeilusjóður

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Árið 2013 var hætt að greiða inn í Vinnudeilusjóð en frá þeim tíma eru einu tekjur sjóðsins vaxtatekjur.

Vinnudeilusjóður hagnaðist um rúmar 44,5 milljónir kr. árið 2022 sem skýrist af vaxtatekjum.

Í lok árs 2022 voru eignir Vinnudeilusjóðs tæpur 1,1 ma.

Grunnsjóður SSF

Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og sjóði SSF.


Sjóðurinn var stofnaður árið 2013 og rann 0,15% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins fram að þingi 2022, en þá var samþykkt að lækka framlag til Grunnsjóðs úr 0,15% í 0,05% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins.

Eftir að framlag til Styrktarsjóðs hækkaði úr 0,70% af grunnlaunum í 0,70% af heildarlaunum með kjarasamningum í maí 2019 var ákveðið að lækka þetta framlag.

Rekstrartekjur	17.449
Hagnaður	20.539
Eigið fé	111.356

Fjárhæðir í þús. króna

Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings





TRAUST



ÞEKKING



METNAÐUR





SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

ÁRSSKÝRSLA SSF 2023



Efnisyfirlit

Nokkur atriði um starfsemi SSF	4
Fjöldi félagsmanna í SSF.	4
Helstu tölur úr rekstri ársins 2023.	6
Laun og launatengd gjöld	6
Tölvukerfi SSF.	7
Þing SSF	7
Erlent samstarf	7
Launakönnun.	8
Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	8
Styrktarsjóður	9–10
Skipting styrkja árið 2023.	10
Menntunarsjóður	11–12
Skipting styrkja árið 2023.	12
Vinnudeilusjóður	13
Grunnsjóður SSF.	13
Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings.	14


Nokkur atriði um starfsemi SSF

SSF er leiðandi stéttarfélag fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja og tengdra fyrirtækja.

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

Skrifstofa SSF er í Nethyl 2E og er húsnæðið í eigu félagsins. Meirihluta ársins 2023 störfuðu á skrifstofu SSF fjórir starfsmenn, þrír í fullu starfi og einn í 80% starfshlutfalli.

Fjöldi félagsmanna í SSF



2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023

	Konur	Hlutf %	Karlar	Hlutf%	Kynsegin	Samtals
2023	1981	54%	1685	46%	1	3667
2022	1892	54%	1631	46%		3523
2021	1958	56%	1541	44%		3499
2020	2097	57%	1570	43%		3667
2019	2257	59%	1541	41%		3798
2018	2337	60%	1570	40%		3907
2017	2465	61%	1575	39%		4040

Tölur m.v. iðgjöld í nóvember hvert ár.

Stjórn SSF skipa 9 félagsmenn sem kjörnir eru til þriggja ára í senn á þingi SSF. Stjórnarseta er launuð og eru laun stjórnarmanna ákveðin á þingi SSF.

Árið 2023 voru aðildarfélög að SSF ellefu talsins. Forsvarsmenn aðildarfélaga hafa beina aðkomu að starfi og stefnumótun SSF. Félagsmenn aðildarfélaga SSF kjósa fulltrúa á þing SSF. Um 95% félagsmanna SSF standa að baki þessum 11 aðildarfélögum.

Formannafundir SSF eru haldnir einu sinni á ári, og oftast ef þörf er á. Fundina sitja stjórnarmenn SSF og formenn og stjórnarmenn aðildarfélaga auk reyndra trúnaðarmanna. Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF. Á árinu 2023 voru haldnir tveir formannafundir þar sem meginþema fundanna voru kjarasamningar og undirbúningur þeirra. Fundirnir voru báðir vel sóttir, gagnlegir og mikill einhugur ríkti á báðum fundum.

Tæplega hundrað trúnaðarmenn eru fulltrúar SSF á vinnustöðum. Trúnaðarmenn eru mikilvægur hlekkur í rekstri stéttarfélagsins og leggur SSF mikla áherslu á traust samband milli trúnaðarmanna og skrifstofu SSF, til dæmis með öflugum fræðslustarfi á sérstökum námskeiðum fyrir trúnaðarmenn.

SSF hefur umsjón með sjóðum SSF, það er Styrktarsjóði, Menntunarsjóði og Grunnssjóði og hefur með höndum allan daglegan rekstur sjóðanna í samræmi við úthlutunarreglur og í samráði við stjórnir sjóðanna. SSF á einnig öflugan Vinnudeilusjóð.

Helstu tölur úr rekstri ársins 2023

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

Rekstrartekjur SSF	180.400
Rekstrargjöld SSF	195.351
Laun og launatengd gjöld	106.021
Tölvukerfi SSF	9.951
Aðkeypt ráðgjafapjónusta	13.973
Kostn. v/fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	17.935
Rekstur fasteigna	7.243
Erlent samstarf	11.123
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.049
Hagnaður ársins	8.098
Eigið fé	607.091

Fjárhæðir í þús. króna

Laun og launatengd gjöld

Árið 2023 voru 4,13 ársstörf á skrifstofu SSF auk þess sem níu manna stjórn SSF fær greidd laun samkvæmt ákvörðun þings SSF hverju sinni. Allri daglegri starfsemi er sinnt á skrifstofu SSF en sérhæfðum málum, svo sem lögmanns- og tölvupjónustu sem og hluta af útgáfu- og kynningarstarfi er útvistað.

Tölvukerfi SSF

SSF rekur tölvukerfi sem er leigt og þjónustað af DK ehf. SSF og DK hafa um árabíl átt farsælt samstarf. Fyrirtækið Kaktus Kreatives ehf. sér um „Mínar síður“, en kerfið hefur bætt verulega þjónustu við félagsmenn þar sem allt umsóknarferli í sjóði SSF er nú rafrænt. Rekstur SSF er þess eðlis að tölvukerfi félagsins geymir mikið magn persónuupplýsinga og leggur félagið því mikla áherslu á öryggismál.

Þing SSF

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málefnum SSF. Þingið er haldið á þriggja ára fresti og var síðasta þing haldið í mars 2022. Næsta þing verður haldið í mars 2025, á 90. afmælisári samtakanna. Á þingi SSF eru stefna og áherslur í starfi félagsins ákveðnar til þriggja ára í senn, ný stjórn SSF er kosin auk þess sem fjárhagsáætlun er gerð fyrir rekstur SSF til næstu þriggja ára. Á milli þinga er rekstur SSF í höndum starfsmanna SSF, stjórnar SSF og formannafunda. Þing SSF er skipað fulltrúum allra aðildarfélagas SSF. Þingið sækja um 80 manns og er það skipulagt með þéttri dagskrá í tvo heila daga. Þingfulltrúar fá ekki greitt fyrir þingsetu en SSF greiðir ferðakostnað, gistingu og uppihald.

Erlent samstarf

SSF er aðili að tveimur erlendum regnhlífasamtökum. Þetta eru norrænu samtökin NFU (Nordic Financial Union) og alheimssamtökin UNI sem eru samtök starfsmanna sem starfa við þjónustu. SSF tekur virkan þátt í starfi þessara samtaka og situr Ari Skúlason í stjórn NFU og hann auk Guðnýjar S. Magnúsdóttur í miðstjórn NFU. Aðild að NFU tryggir einnig aðgang að sameiginlegum norrænum vinnudeilusjóði.

Þá hefur SSF einnig átt fulltrúa í ungliðasamtökum verkalýðsfélaga UNI-Youth, en Jóhanna M. Jónsdóttir tók við sem UNI Europa Youth president í maí 2023, og UNI Global Youth president í október 2023. Þar situr hún meðal annars í Womens committee og Executive and management committee innan UNI. Stærstur hluti kostnaðar vegna erlends samstarf er félagsgjöld til þessara tveggja samtaka.

Launakönnun

Það er stefna stjórnar SSF að framkvæma launakannanir annað hvert ár, en þó með tilliti til stöðu kjarasamninga hverju sinni. Síðasta könnun var framkvæmd í nóvember 2023. Til að fá sem mesta þátttöku í launakönnun voru lykilorð í lokuðum ómerktum umslögum afhent félagsmönnum á hverjum vinnustað, algerlega órekjanleg. Lykilorðin voru einnig númer í happdrætti og var könnuninni svarað rafrænt. Svörun var rúmlega 80% sem er með eindæmum góð þátttaka í launakönnun á Íslandi. Markmiðið með launakönnun er að fylgjast með almennum kjörum félagsmanna og breytingum á kaupi og kjörum milli ára. Einnig eru ýmsir aðrir þættir í starfi og starfsaðstæðum félagsmanna kannaðir, meðal annars vinnutími, vinnuálag, ánægja í starfi, traust á jafnlaunavottun o. fl. Skoðun félagsmanna á þjónustu SSF er könnuð, og almennt eru félagsmenn ánægðir með samskiptin við starfsmenn SSF.

Á heimasíðu SSF má finna niðurstöður launakönnunar 2023.

Þar má einnig finna eldri kannanir.

Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi

Öflug fræðslu-, útgáfu- og kynningarstarfsemi er mikilvægur þáttur í rekstri stéttarfélags. Eitt SSF blað kom út árið 2023 og má þar lesa ítarlegt viðtal við Friðbert Traustason sem hætti sem formaður SSF á síðasta þingi sem haldið var 2022. Félagið nýtir sér jafnframt vef- og samskiptamiðla til að miðla upplýsingum til félagsmanna en samtökin eru með um 2.900 fylgjendur á Facebook og Instagram, langstærstur hluti þeirra eru félagsmenn SSF.

SSF hélt námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn í mars 2023 á Hótel Hamri sem tókst vel að venju, enda afar gagnlegt og gott að hitta trúnaðarmenn og fyrir þá að hitta aðra trúnaðarmenn, stjórn og starfsmenn SSF. Að auki voru haldnir tveir formannafundir og var trúnaðarmönnum boðið að taka þátt í þeim fundum.

Á heimasíðu SSF er að finna trúnaðarmannahandbók SSF sem er handhægt uppflettirit með ýmsum gagnlegum upplýsingum auk bæklingins “Traustur bakhjarl”, lítill upplýsingabæklingur um helstu kjör SSF sem uppfærður var á árinu 2023.

Styrktarsjóður SSF

Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli bókunar með kjarasamningi sem undirritaður var í apríl 1997. Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 1999. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,7% af launum starfsmanna.

Meginverkefni Styrktarsjóðs er að greiða félagsmönnum SSF sjúkradagpeninga verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa og hafa nýtt veikindarétt sinn samkvæmt kjarasamningi SSF að fullu. Sjóðurinn endurgreiðir jafnframt hluta kostnaðar vegna ýmissa fyrirbyggjandi meðferða og skoðana samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins hverju sinni.


Heildarúthlutun úr Styrktarsjóði árið 2023 nam rúmlega 261 m.kr samanborið við rúmlega 259 m.kr árið 2022. Fjöldi afgreiddra almennra styrkja 2023 var tæplega 5.100 til rúmlega 2000 félagsmanna, 55 félagsmenn fengu greidda sjúkradagpeninga.

Rekstrartekjur	317.111
Rekstrargjöld	261.366
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10.257
Hagnaður	66.001
Eigið fé	236.325

Fjárhæðir í þús. króna

Styrktarsjóður

Skipting styrkja árið 2023



Hlutfallsskipting:

	Fjöldi	Í þús	Í %
Aðrir styrkir	251	10.998	4%
Hjartaskoðun	343	16.701	6%
Krabbameinsskoðun	548	7.914	3%
Sálfræðiaðstoð	1.213	28.749	11%
Sjónkler, linsur, laser og heyrnartæki	773	35.389	14%
Sjúkradagpeningar	55	123.308	47%
Sjúkrabjálfun	1.905	23.738	9%
Tæknifrjógungun og ættleiðingar	55	14.393	6%
Samtals	5.143	261.194	100%

Fjárhæðir í þús. króna

Menntunarsjóður SSF

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Sjóðurinn styrkir einnig ýmis námskeið í námstækni, og námskeið sem nýtast til félagsstarfa. Á 47. þingi SSF 2019 var samþykkt sérstakt tímabundið átak til þriggja ára í menntunarmálum, reglur rýmkaðar og styrkir hækkaðir, ekki síst í því skyni að gera félagsmönnum kleift að takast á við störf á nýjum vettfangi í kjölfar uppsagna. Átakinu hefur verið haldið áfram með óbreyttu sniði á árinu 2023.

Hámarksstyrkur á misseri er 80% af námskeiðsgjöldum, þó aldrei hærri en kr. 175.000. Félagsmaður getur fengið allt að kr. 525.000 samtals á ári í styrk m.v. þrjú misseri, janúar-maí, júní-ágúst og september-desember.


Menntunarsjóður SSF hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 2001.

Rekstrartekjur (Árgjöld)	95.338
Rekstrargjöld	114.105
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.208
Hagnaður	(16.559)
Eigið fé	49.959

Fjárhæðir í þús. króna

Menntunarsjóður

Skipting styrkja árið 2023



Hlutfallsskipting:

	Fjöldi	Í þús	í %
Háskólanám-framhaldsnám (MSc./ML/MS)	248	31.654	28%
Háskólanám-Grunnnám	279	31.195	27%
Endurmenntun/stytttri námsleiðir/Tungumál	252	21.402	19%
Nám á framhaldsskólastigi/Starfsréttindi	112	11.020	10%
Sjálfstyrking	43	2.791	2%
Tómstundastyrkir	309	6.268	5%
Verðbréfanám	82	9.590	8%
Samtals	1.325	113.992	100%

Fjárhæðir í þús. króna

Vinnudeilusjóður

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Árið 2013 var hætt að greiða inn í Vinnudeilusjóð en frá þeim tíma eru einu tekjur sjóðsins vaxtatekjur.

Vinnudeilusjóður hagnaðist um rúmar 77,9 milljónir kr. árið 2023 sem skýrist af vaxtatekjum.

Í lok árs 2023 voru eignir Vinnudeilusjóðs tæpur 1,2 ma.

Grunnsjóður SSF

Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og sjóði SSF.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2013 og rann 0,15% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins fram að þingi 2022, en þá var samþykkt að lækka framlag til Grunnsjóðs úr 0,15% í 0,05% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins.

Eftir að framlag til Styrktarsjóðs hækkaði úr 0,70% af grunnlaunum í 0,70% af heildarlaunum með kjarasamningum í maí 2019 var ákveðið að lækka þetta framlag.

Rekstrartekjur	13.765
Hagnaður	20.305
Eigið fé	132.873

Fjárhæðir í þús. króna

Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings

Fjármálastjóri greiðir reikninga



Framkvæmdastjóri kvittar á alla reikninga



Bókari bókar reikninga í bókhaldskerfið DK



Gjaldkeri stjórnar SSF yfirfer bókun



Löggiltur endurskoðandi útbýr ársreikning samkvæmt gildandi lögum og reglum



Endurskoðandi kynnir ársreikning fyrir Stjórn SSF til samþykktar



Ársreikningur birtur á heimasíðu SSF



TRAUST



ÞEKKING



METNAÐUR





SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

ÁRSSKÝRSLA SSF 2024



Efnisyfirlit

Nokkur atriði um starfsemi SSF	4
Fjöldi félaga í SSF.	4
Helstu tölur úr rekstri ársins 2024	6
Laun og launatengd gjöld	6
Tölvukerfi SSF.	6
Þing SSF	7
Erlent samstarf	7
Launakönnun.	8
Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	8
Styrktarsjóður SSF	9
Skipting styrkja árið 2024.	10
Menntunarsjóður SSF	11
Skipting styrkja árið 2024.	12
Vinnudeilusjóður	13
Grunnsjóður SSF.	13
Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings.	14

Nokkur atriði um starfsemi SSF


SSF er leiðandi stéttarfélag fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja og tengdra fyrirtækja.

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

Skrifstofa SSF er í Nethyl 2E og er húsnæðið í eigu félagsins.

Árið 2024 störfuðu á skrifstofu SSF fjórir starfsmenn, þrír í fullu starfi og einn í 80% starfshlutfalli.

Fjöldi félaga í SSF



	Konur	Hlutf %	Karlar	Hlutf%	Kynsegin	Samtals
2024	1993	54%	1730	46%	1	3724
2023	1981	54%	1685	46%	1	3667
2022	1892	54%	1631	46%		3523
2021	1958	56%	1541	44%		3499
2020	2097	57%	1570	43%		3667
2019	2257	59%	1541	41%		3798
2018	2337	60%	1570	40%		3907

Tölur m.v. iðgjöld í nóvember hvert ár.

Stjórn SSF skipa 9 félagsmenn sem kjörnir eru til þriggja ára í senn á þingi SSF. Stjórnarseta er launuð og eru laun stjórnarmanna ákveðin á þingi SSF.

Árið 2024 voru aðildarfélög að SSF ellefu talsins. Forsvarsmenn aðildarfélaga hafa beina aðkomu að starfi og stefnumótun SSF. Félagsmenn aðildarfélaga SSF kjósa fulltrúa á þing SSF. Um 95% félagsmanna SSF standa að baki þessum 11 aðildarfélögum en um 5% eru með einstaklingsaðild að félaginu. Starfsmenn fyrirtækja í fjármálatengdri starfsemi geta sótt um einstaklingsaðild að SSF.

Formannafundir SSF eru haldnir einu sinni á ári og oftast ef þörf er á. Fundina sitja stjórnarmenn SSF, formenn og stjórnarmenn aðildarfélaga auk reyndra trúnaðarmanna. Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF. Á árinu 2024 var haldinn formannafundur í maí í tengslum við gerð kjarsamninga.

Tæplega hundrað trúnaðarmenn eru fulltrúar SSF á vinnustöðum. Trúnaðarmenn eru mikilvægur hlekkur í rekstri stéttarfélagsins og leggur SSF mikla áherslu á traust samband milli trúnaðarmanna og skrifstofu SSF, til dæmis með fræðslustarfi á sérstökum námskeiðum fyrir trúnaðarmenn.

SSF hefur umsjón með sjóðum SSF, það er Styrktarsjóði, Menntunarsjóði, Grunnssjóði og Vinnudeilusjóði og hefur með höndum allan daglegan rekstur sjóðanna í samræmi við úthlutunarreglur og í samráði við stjórnir sjóðanna.

Helstu tölur úr rekstri ársins 2024

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

Rekstrartekjur SSF	185.313
Rekstrargjöld SSF	214.286
Laun og launatengd gjöld	121.397
Tölvukerfi SSF	18.081
Aðkeypt ráðgjafþjónusta	6.932
Kostn. v/fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	29.042
Rekstur fasteigna	11.168
Erlent samstarf	8.764
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	30.800
Hagnaður ársins	1.827
Eigið fé	548.966

Laun og launatengd gjöld

Árið 2024 voru 4,3 ársstörf (inni í tölunni er ræstitæknir) á skrifstofu SSF auk þess sem níu manna stjórn SSF fær greidd laun samkvæmt ákvörðun þings SSF hverju sinni. Allri daglegri starfsemi er sinnt á skrifstofu SSF en sérhæfðum málum, svo sem lögmanns- og tölvuþjónustu sem og hluta af útgáfu- og kynningarstarfi er útvistað.

Tölvukerfi SSF

SSF rekur tölvukerfi sem er leigt og þjónustað af DK. Fyrirtækið Kaktus Kreatives ehf. sér um „Mínar síður“, auk þess að sjá um rekstur á heimasíðu félagsins. Rekstur SSF er þess eðlis að tölvukerfi félagsins geymir mikið magn persónuupplýsinga og leggur félagið því mikla áherslu á öryggismál.

Þing SSF

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málefnum SSF. Þingið er haldið á þriggja ára fresti og var síðasta þing haldið í mars 2022. Þegar þetta er ritað er næsta þing á döfinni í mars 2025 sem er 90 ára afmælisár samtakanna. Á þingi SSF eru stefna og áherslur í starfi félagsins ákveðnar til þriggja ára í senn, ný stjórn SSF er kosin auk þess sem fjárhagsáætlun er gerð fyrir rekstur SSF til næstu þriggja ára. Á milli þinga er rekstur SSF í höndum starfsmanna SSF, stjórnar SSF og formannafunda. Þing SSF er skipað 65 fulltrúum allra aðildarfélaganna SSF en auk þeirra sitja þingið starfsmenn SSF, gestir og stjórn SSF. Þingið er skipulagt með þéttari dagskrá í tvo heila daga. Þingfulltrúar fá ekki greitt fyrir þingsetu en SSF greiðir ferðakostnað, gistingu og uppihald.

Erlent samstarf

SSF er aðili að tveimur erlendum regnhlífasamtökum. Þetta eru norrænu samtökin NFU (Nordic Financial Union) og alheimssamtökin UNI sem eru samtök starfsmanna sem starfa við þjónustu. SSF tekur virkan þátt í starfi þessara samtaka og situr Ari Skúlason, formaður SSF í stjórn NFU og í miðstjórn NFU sitja þau Ari og Guðný S. Magnúsdóttir 2. varaformaður SSF. Aðild að NFU tryggir einnig aðgang að sameiginlegum norrænum vinnudeilusjóði.

Þá hefur SSF einnig átt fulltrúa í ungliðasamtökum verkalýðsfélaga UNI-Youth, en Jóhanna M. Jónsdóttir, stjórnarmaður í SSF, tók við sem formaður stjórnar UNI Europa Youth í maí 2023, og sem formaður stjórnar UNI Global Youth í október 2023. Þar situr hún meðal annars í kvennanefnd (Womens committee) og í framkvæmda- og rekstrarnefnd (Executive and management committee). Stærstur hluti kostnaðar vegna erlends samstarfs er félagsgjöld til þessara tveggja samtaka.

Launakönnun

Það er stefna stjórnar SSF að framkvæma launakannanir annað hvert ár, en þó með tilliti til stöðu kjarasamninga hverju sinni. Síðasta könnun var framkvæmd í nóvember 2023 í aðdraganda kjarasamninga. Markmiðið með launakönnun er að fylgjast með almennum kjörum félagsmanna og breytingum á kaupum og kjörum milli ára. Einnig eru ýmsir aðrir þættir í starfi og starfsaðstæðum félagsmanna kannaðir, meðal annars vinnutími, vinnuálag, ánægja í starfi, traust á jafnlaunavottun o.fl. Skoðun félagsmanna á þjónustu SSF er könnuð, og almennt eru félagsmenn ánægðir með samskiptin við starfsmenn SSF.

Á heimasíðu SSF má finna niðurstöður launakönnunar 2023.

Þar má einnig finna eldri kannanir.

Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi

Ekkert SSF-blað kom út á árinu 2024. Á þingi SSF 2022 var ályktað þess efnis að hætta útgáfu SSF-blaðsins á prenti og nýtir félagið því aðallega vef- og samskiptamiðla til að miðla upplýsingum til félagsmanna.

SSF hélt námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn í mars 2024 á sem tókst vel að venju, enda afar gagnlegt og gott að hitta trúnaðarmenn og fyrir þá að hitta aðra trúnaðarmenn, stjórn og starfsmenn SSF. Þá var haldið ræðunámskeið fyrir trúnaðarmenn í nóvember 2024 sem mæltist vel fyrir meðal þeirra sem tóku þátt. Að auki var haldinn einn formannafundur á árinu í tengslum við gerð kjarasamninga sem trúnaðarmönnum var einnig boðið á.

Á heimasíðu SSF er að finna trúnaðarmannahandbók SSF sem er handhægt uppflettirit með ýmsum gagnlegum upplýsingum auk bæklingins "Traustur bakhjarl", lítill upplýsingabæklingur um helstu kjör SSF.

Styrktarsjóður SSF

Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli bókunar með kjarasamningi sem undirritaður var í apríl 1997. Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 1999. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,7% af launum starfsmanna.


Meginverkefni Styrktarsjóðs er að greiða félagsmönnum SSF sjúkradagpeninga verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa og hafa nýtt veikindarétt sinn samkvæmt kjarasamningi SSF að fullu. Sjóðurinn endurgreiðir jafnframt hluta kostnaðar vegna ýmissa fyrirbyggjandi meðferða og skoðana samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins hverju sinni.

Heildarúthlutun úr Styrktarsjóði árið 2024 nam rúmlega 275 m.kr samanborið við rúmlega 261 m.kr árið 2023. Fjöldi afgreiddra almennra styrkja 2024 var tæplega 5.300 til rúmlega 2000 félagsmanna, 55 félagsmenn fengu greidda sjúkradagpeninga.

Rekstrartekjur	335.138
Rekstrargjöld	275.188
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15.008
Hagnaður	74.958
Eigið fé	307.678

Styrktarsjóður

Skipting styrkja árið 2024



Hlutfallsskipting:

	Fjöldi	Í þús	í %
Aðrir styrkir	227	8.729	3%
Hjartaskoðun og þyngdarátak	273	7.987	3%
Krabbameinsskoðun	503	8.044	3%
Sálfræðimeðferð	1253	38.041	14%
Sjúngler, linsur, laser og heyrnartæki	823	37.263	14%
Sjúkrabjálfun, nudd	2157	34.567	13%
Tæknifrjógungun/Ættleiðing	63	14.540	5%
Sjúkradagpeningar		125.833	46%
Samtals	5.299	275.004	100%

Fjárhæðir í þús. króna

Menntunarsjóður SSF

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun og voru fyrst veittir styrkir úr honum árið 2001. Sjóðurinn styrkir einnig ýmis námskeið í námstækni, og námskeið sem nýtast til félagsstarfa. Á 47. þingi SSF 2019 var samþykkt sérstakt tímabundið átak til þriggja ára í menntunarmálum, reglur rýmkaðar og styrkir hækkaðir, ekki síst í því skyni að gera félagsmönnum kleift að takast á við önnur ólík störf í kjölfar uppsagna. Þær reglur sem settar voru í tengslum við þetta átak hafa haldist með óbreyttu sniði síðan. Í síðustu kjarasamningum (2024) náðist samkomulag um hækkun framlags atvinnurekenda í Menntunarsjóð úr 0,21% í 0,30% af heildarlaunum félagsmanna. Hækkunin tók gildi frá 1. júní 2024.

Hámarksstyrkur á misseri er 80% af námskeiðsgjöldum, þó aldrei hærri en kr. 175.000. Félagsmaður getur fengið allt að kr. 525.000 samtals á ári í styrk stundi hann nám öll þrjú misserin, janúar-maí, júní-ágúst og september-desember.


Fjöldi veittra styrkja á árinu 2024 voru um 1450, flestir vegna grunn- og framhaldsnáms í Háskóla eða um 575 styrkir.

Rekstrartekjur (Árgjöld)	125.872
Rekstrargjöld	118.936
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.744
Hagnaður	8.679
Eigið fé	58.638

Fjárhæðir í þús. króna

Menntunarsjóður

Skipting styrkja árið 2024



Hlutfallsskipting:

	Fjöldi	Í þús	Í %
Háskólanám framhaldsnám	286	33.658	28%
Háskólanám grunnnám	289	31.006	26%
Nám á framhaldsskólastigi	117	11.456	10%
Endurmenntun/Stytttri námskeið/Tungumál	249	18.784	16%
Nám í verðbréfamíðlun	130	13.333	11%
Sjálfstyrking	57	4.004	3%
Tómstundastyrkir	320	6.508	5%
	1448	118.749	100%

Fjárhæðir í þús. króna

Vinnudeilusjóður

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Árið 2013 var hætt að greiða inn í Vinnudeilusjóð en frá þeim tíma eru einu tekjur sjóðsins vaxtatekjur.

Vinnudeilusjóður hagnaðist um rúmar 58 milljónir kr. árið 2024 sem skýrist af vaxtatekjum.

Í lok árs 2024 voru eignir Vinnudeilusjóðs rúmur 1,2 ma.

Grunnsjóður SSF

Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og sjóði SSF.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2013 og rann 0,15% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins fram að þingi 2022, en þá var samþykkt að lækka framlag til Grunnsjóðs úr 0,15% í 0,05% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins.

Sú ákvörðun byggði á því að með kjarasamningum í maí 2019 var framlag til Styrktarsjóðs hækkað úr 0,70% af grunnlaunum í 0,70% af heildarlaunum.

Rekstrartekjur	14.147
Hagnaður	23.545
Eigið fé	155.205

Fjárhæðir í þús. króna

Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings

Fjármálastjóri greiðir reikninga



Framkvæmdastjóri kvittar á alla reikninga



Bókari bókar reikninga í bókhaldskerfið DK



Gjaldkeri stjórnar SSF yfirfer bókun



Löggiltur endurskoðandi útbýr ársreikning samkvæmt gildandi lögum og reglum



Endurskoðandi kynnir ársreikning fyrir Stjórn SSF til samþykktar



Ársreikningur birtur á heimasíðu SSF



TRAUST



ÞEKKING



METNAÐUR





TRAUST

ÞEKKING

METNAÐUR

Í 90 ÁR



49. ÞING
20.- 21. MARS
2025